


Stærsta verkefnið í sögu lögreglunnar

Karl Steinar gerir upp
leiðtogafund Evrópuráðsins



„Út af með dómarann“

Fjölmarginir lögreglumenn
dæma knattspyrnuleiki
í frístundum



Birgir Jónasson: Köllunin er að þjóna almenningi



LÖGREGLUMAÐURINN

39. ÁRG. 2023 / 99. BLAÐ

Einu konurnar á vaktinni

Svanhvít Eygló Ingvarsdóttir og Berglind Eyjólfadóttir hófu störf hjá lögreglunni árið 1978 og störfuðu þar í um fjórutíu ár. Þær gera upp ferilinn og fara yfir þær miklu breytingar sem orðið hafa á tíðaranda. Önnur þeirra var til dæmis aldrei kölluð annað en stelpan, fyrstu árin.



Efnisyfirlit

Pistill formanns	3-4
Fjölur Sæmundsson skrifar um nokkur málefni stéttarinnar.	
Nýtt orlofshús LL á Akureyri	6
Fréttir frá félaginu	8-13
- Landsþing, formannskjör ofl.	
- Fundir formanns LL.	
- Afgreiðslutími skrifstofu.	
- Fræðslu- og starfsþróunarsjóður.	
- Næsti kjarasamningur og verkáætlun.	
- Af norrænum vettvangi.	
Upphaf eðlisfræðilegra útreikninga á ökuhraða	14
Grein eftir Magnús Þór Jónsson og Þorstein Skúlason.	
Rými til verulegra úrbóta í stjórnunarháttum	16
Nanna Lind Stefánsdóttir rannsakaði brottþvarf lögreglumanna úr starfi.	
Einu konurnar á vaktinni	18-22
Viðtal við lögreglukonurnar Svanhvíti Eygló Ingvarsdóttur og Berglindi Eyjólfsdóttur.	
Lífeyrisþegar heimsóttu Borgarfjörð	24-25
Theodor Kr. Þórðarson fararstjóri segir frá ferðinni.	
Fagmennska og siðferði	26
Grein eftir Ólaf Örn Bragason.	
Stærsta verkefni íslenskrar lögreglu	28-31
Karl Steinar Valsson yfirlögregluþjónn gerir upp leiðtogafundinn.	
Lögreglumenn og dómgæsla	32-34
Rætt við fimm knattspyrnodómara um röðum lögreglumanna.	
Köllunin er að þjóna almenningi	36-40
Viðtal við Birgi Jónasson lögreglustjóra á Norðurlandi.	
Íþróttir	42-46
- Halldór vann holukeppnina.	
- Hörð baráttu í Functional fitness.	
- Þrjú keppendur ÍSL hlupu maraþon.	



LÖGREGLUMADURINN

39. ÁRG. 2023 / 99. BLAÐ

RITSTJÓRI
BALDUR GUÐMUNDSSON, BALDUR@ORDAVAL.IS

ÁBYRGÐARMADUR
FJÖLNIR SÆMUNDSSON, FORMAÐUR LL

GUÐLAUG HREINSDÓTTIR
SKRIFSTOFUSTJÓRI LL

UMBROT OG HÖNNUN
DAVÍÐ ÞÓR GUÐLAUGSSON

FORSÍÐUMYND
SIGTRYGGUR ARI JÓHANSSON

TEIKNING Á BLS 3
LOGI JES KRISTJÁNSSON

AÐRAR MYNDIR
JÚLÍUS SIGURJÓNSSON OG LRH

LL@LOGREGLUMENN.IS
WWW.LOGREGLUMENN.IS

Formannshornið

Nokkur málefni sem lögreglumenn hafa vakið athygli á

Í þessum pistli langar mig að ræða um nokkur mismunandi málefni sem hafa komið á borð okkar hjá Landssambandi lögreglumanna á liðnu ári. Allt eru þetta mál sem ég hef velt mikið fyrir mér og rætt við lögreglumenn víða um land á þeim fundum sem við hjá LL höfum haldið.

Fyrsta málefnið er eftirlit með lögreglumönnum og samstarf yfirvalda við okkur lögreglumenn vegna þess. Ljóst er að lögreglumenn eru sú stétt á Íslandi sem býr við hvað víðtækast eftirlit. Auðvitað er nauðsynlegt að hafa eftirlit með stétt sem hefur jafn ríkar valdheimildir og lögregla hefur – ég kveinka mér ekki undan því. Ég er þeirrar skoðunar að hæfilegt eftirlit sé aðeins til bóta fyrir lögregluna. Það sem ég og við í LL höfum bent á er að eftirlitið er illa samræmt og allt of víðtækt. Þeir sem eiga að hafa eftirlit með lögreglu eru:

- Nefnd um eftirlit með störfum lögreglu (NEL)
- Héraðssaksóknari
- Ríkissaksóknari
- Lögreglustjórar hafa eftirlit með sínu starfsfólki

Flestir lögreglumenn bera búkmynda vélar við störf og flestar skýrslur eru teknar upp í hljóði og mynd.

Við þetta bætist að í frumvarpi um ný lögreglulög er lagt til að NEL verði styrkt enn frekar með fjölgun og föstum starfsmanni. Auk þess er lagt til að tekið verði

upp embætti gæðastjóra lögreglu.

Þegar unnið var að þessu frumvarpi í ráðuneytinu sá enginn ástæðu til að leita áhlits eða ráðgjafar stéttarfélags lögreglumanna. Athugasemdir komu ekki fram fyrir en frumvarpið var komið inn á Alþingi. Í athugasemdum við frumvarpið benti LL á þennan fjölda eftirlitsaðila og gerði að auki athugasemd við að í NEL sé ekki gert ráð fyrir aðila sem hafi reynslu af störfum í löggæslu heldur aðeins frá öðrum stofnunum og félögum. Í samfélaginu er auðvitað fjöldi fólks sem hefur starfað við löggæslu, saksóknara eða verið fulltrúar saksóknara; fólk sem hefur innsýn og þekkingu á starfsumhverfi lögreglumanna og gæti lagt nefndinni lið með þekkingu sinni.

Við lögreglumönnum blasir að eftirlit með störfum þeirra er t.d. margfalt meira en með starfsfólki heilbrigðisþjónustu og afleiðingar fyrir þá persónulega af

mistökum eru oft meiri en fyrir aðrar stéttir. Þetta ofureftirlit getur haft þær afleiðingar að lögreglumenn hætta að þora að vinna starf sitt, vitandi að fylgst er með hverju skrefi þeirra. Ég held að þetta ástand geti að lokum orðið lamandi fyrir starfsemi lögreglu.

Sérfræðingavæðing

Eins og lögreglumenn hafa orðið varir við hefur orðið mikil aukning á því að sérfræðingar án lögreglumennntunar séu ráðnir til starfa hjá lögreglu. Varla hefur liðið sú vika á þessu hausti án þess að



Fjölur Sæmundsson

„
Tilfinning mín er sú að því miður sé verið að vinna að sömu verkefnum víða, í stað þess að sameina krafta.

fréttir berist af því að nýr sérfræðingur hafi verið ráðinn til starfa hjá einhverju lögregluembættanna. Meðal lögreglumanna hefur þessi sérfræðingavæðing lögreglu mælst misjafnlega fyrir. Ég viðurkenni fúslega að sérfræðingar geta verið góð viðbót við lögregluna og auðveldað mjög störf – jafnvel bætt fagmennsku. Það hljóta hins vegar allir að vera sammála um að þessi þróun skjóti skökku við þegar horft er til þess að lögreglunám-ið hefur verið fært upp á háskólastig. Sú ráðstöfun átti einmitt að auka sérþekkingu lögreglumanna.

Að auki virðist þróunin vera sú að utanaðkomandi sérfræðingar eru í auknum mæli ráðnir sem stjórnendur deilda og sviða innan lögreglunnar. Um þetta atriði hefur LL borist fjöldi ábendinga frá starfandi lögreglumönnum. Þeim hugnast illa þessi þróun.

Um lögregluna gilda bæði lög og reglugerðir og í þeim er alveg skýrt hver má

stýra lögreglunni og hver á að vera næsti yfirmaður lögreglumanns. Tilfinningin er sú að lögreglumönnum sé ekki lengur treyst til að stýra löggæsluverkefnum. Ef lögreglustjórar eru farnir að líta svo á að lögreglustarfið sé orðið of flókið fyrir lögreglumenn – hvert erum við þá komin?

Skipulag eða óskipulag?

Það er erfitt annað en að minnast á hvernig skipulagi – já eða óskipulagi – lögreglunnar er háttað. Þar má nefna skiptingu verkefna á milli embættanna. Því miður virðist áhersla í löggæslumálum ▶

enn vera sú að ráðist er í átaksverkefni þar sem fjármagn fylgir. Lögregluembættin berjast svo um að fá þessi verkefni og þar með fjármagn til sín. Við þekkjum áherslu á kynferðisbrot, vændi, fjármunabrot, peningabætti og nú síðast áherslu á skipulega brotastarfsemi sem kannski inniheldur þetta allt. Tilfinning mín er sú að því miður sé verið að vinna að sömu verkefnum víða, í stað þess að sameina krafta. Lögreglustjórnir vilja hafa sem flest verkefni og þar með mest fjármagn. Við erum svolítið farin að láta hagsmuni einstaklinga innan kerfisins stjórna skipulaginu freka en að verkefni sé unnin eins og best verður á kosið.

Lögregluembætti landsins eru auðvitað misjafnlega dugleg að draga til sín fjármagn og verkefni og geta því boðið starfsfólki sínu misjöfn kjör. Inn í þessa umræðu blandast auðvitað stofnanasamningur lögreglumanna sem enn hefur aukið á skekkju milli embætta og lögreglumanna.

Vegna þessa hefur þróunin verið sú að reyndir lögreglumenn sópast inn til fárra embætta og í ákveðnar deildir sem verður til þess að minni reynsla verður eftir í útkallslögreglu og jafnvel í rannsóknardeildum sumra embætta.

Ábyrgð LL

Í þessum málum verður LL þó að taka á sig vissa ábyrgð. Sá stofnanasamningur sem LL gerði við lögreglustjóra og unnið var að 2020-2021 virðist hafa aukið á þetta bil á milli embætta og lögreglumanna. Sum embætti virðast geta boðið bæði betri stöður og hærri laun og jafnvel fyrir minni ábyrgð og álag. Ég hef sagt það á fundum með lögreglumönnum um landið að LL mun gera sitt til að laga þá skekkju sem nýr stofnanasamningur bjó til. Því miður virðast lögreglumenn hafa samið af sér fyrir stóran hluta stéttarinnar. Lítið



LL mun gera sitt til að laga þá skekkju sem nýr stofnanasamningur bjó til.

viðbótarfé hefur komið inn, í stað þess greiddum við sjálf fyrir nýjan samning með því að gefa eftir sjálfvirkar starfsaldurhækkningar. Þegar stofnanasamningar annarra félaga eru skoðaðir kemur í ljós að þau sömdu ekki af sér með þessum hætti. Það verður því stefna LL í næstu kjarasamningum að laga þessa skekkju milli lögreglumanna.

Þungun

Undanfarna áratugi hefur verið lögð áhersla á að fjölga konum í lögreglu. Í dag eru konur um 30% félaga í Landssambandi lögreglumanna og yfir sumartím-ann hækkar það hlutfall. Þessi breytta kynjasamsetning kallar þó á nýjar áskoranir. Kannski má segja að lögregla þurfi að færa sig nær nútímanum. Lögreglu-konur hafa verið að vekja athygli LL á því að þegar þær verða þungaðar gildi ekki sömu reglur um allt land um rétt þeirra. Lögreglustarfið er ólíkt flestum öðrum störfum að því leyti að til að tryggja öryggi þurfa þungaðar konur oft að hverfa frá daglegum störfum sínum mörgum mánuðum fyrir settan dag. Þetta á bæði við um útkallsdeildir og rannsóknardeildir. Ýmis lögreglustörf geta verið hættuleg þunguðum konum.

Eðlilegt er að gera þær kröfur til lögreglunnar að sömu reglur og réttindi gildi um allt land. Um fæðingarorlof og þungaðar konur gilda mjög skýr lög og reglugerð. Þar sem stærð lögregluembætta landsins er misjöfn getur verið misjafnlega erfitt fyrir þau fjárhagslega að verða við þeim lagalegu kröfum. Á sama tíma og það getur verið skiljanlegt er það auðvitað óásættanlegt að lögregluembætti eigi erfitt með að sjá fram úr því ef fleiri en tveir starfsmenn verða þungaðir á sama tíma; það er óásættanlegt að fjármagn skorti til að uppfylla lagalegar skyldur sínar. Vegna þessa ætlar LL að vekja athygli fjárveitingavaldsins á þessum óhjákvæmilega fylgífiski jafnari kynjahlutfalla. Auka þarf fjármagn til sumra lögregluembætta til að mæta þessum aðstæðum.

Of mikið um ágreiningsmál

Á þeim tveimur árum sem ég hef verið formaður LL hefur mér þótt óþarflega mörg mál lenda á borði LL vegna skorts á góðri stjórnsýslu og mannaútsstefnu lögregluembætanna. Ég hef því velt fyrir mér hver starfsmannastefna lögregluembætta sé og hvort hún sé almennt til staðar. Allt of margir lögreglumenn leita til LL vegna þess að þeir segja að erindum þeirra sé svarað seint og illa eða jafnvel alls ekki. Það er að sjálfsögðu jákvætt að félagsfólk leiti til félagsins þegar það telur á sér brotið. Það er hins vegar miður að þessi ágreiningur komi upp.

Því miður virðist persónuleg óvild oft blandast inn í starfsmannamál og gert er upp á milli starfsmanna með mismunandi reglum og kröfum. Það er mikilvægt að ekki sé farið í manngreinaralit og það sama gildi fyrir alla. LL kappkostar að leysa öll mál í samvinnu við lögregluembættin með sem minnstum átökum en því miður gengur það ekki alltaf upp. LL getur að sjálfsögðu ekki gefið afslátt af réttindum félagsfólks. Fyrir vikið þarf reglulega að kalla til lögfræðinga til þess að fylgja málum eftir –með tilheyrandi kostnaði.

Við þurfum að standa betur saman

Fyrir nokkrum dögum var ég að ræða við lögreglumann sem sagði við mig að persónuleg óvild milli lögreglumanna væri helsti dragbitur lögreglu. Lögreglumenn stæðu ekki nægilega vel saman og væru ekki nægjanlega styðjandi hver við annan. Of mörg dæmi væru um að lögreglumenn gleddust yfir óförum eða mistökum félaga sinna – frekar en að gleðjast yfir velgengni þeirra.

Gangatal er vel þekkt hugtak innan lögreglunnar og hefur verið okkur öllum til ama lengi. Samt tókum við þátt í því að baktala félagana og velta okkur upp úr göllum þeirra og mistökum. Þess í stað ættum við að hrósa því sem vel er gert og styðja hvert við annað – þannig búum við til betri lögreglumenn og betri lögreglu. Ég óttast að þessi vinnuandi hafi hrakið margt gott fólk úr starfi. Við lögreglumenn verðum að standa betur saman. ■



MEÐ ÞÉR ALLA ÆVI

LSR er til staðar fyrir þig á mörgum helstu tímamótum ævinnar. Sem sjóðfélagi öðlastu víðtæk réttindi – kynntu þér þau á lsr.is.

Hjá okkur geturðu líka fengið **séreignarsparnað**, sem er ekki aðeins bein launahækkun fyrir þig, heldur líka ein besta sparnaðarleið sem völ er á. Við bjóðum einnig **fasteignalán**, bæði verðtryggð og óverðtryggð.

Nú geturðu sótt um bæði séreignarsparnað og fasteignalán á vefnum okkar. Kynntu þér málið á lsr.is.




BÍLAVERKSTÆÐI
ÞÓRIS
við komum þér aftur af stað

📍 lójustíg 1, 260 Reykjanesbæ
📞 421 4620
✉ bilaverk.thoris@gmail.com
📱 facebook.com/Bilaverkstæði-Þóris



ÞJÓNUSTAN Í FYRIRRÚMI Á BÍLAVERKSTÆÐI ÞÓRIS

**Alhliða bílaverkstæði
og dekkjapjónusta**



Glæsilegt orlofshús á Akureyri






Nýtt og stórglæsilegt orlofshús félagsins að Hyrnulandi 20 á Akureyri hefur verið tekið í notkun. Um er að ræða hús í hverfi orlofshúsa neðarlega í Hlíðarfjalli. Óhætt er að segja að húsið sé allt hið glæsilegasta.

SS Byggir annaðist byggingu hússins, sem er 116 fermetrar og allt hið glæsilegasta. Í því eru þrjú svefnherbergi – þar af tvö með hjónarúmum – og tvö baðherbergi. Í því er líka rúmgóð geymsla fyrir skíði eða annan útbúnað sem gestir kunna að hafa með sér. Í geymslu er þvottavél og þurrkari. Rafhleðslustöð er við húsið og heitur pottur.

Afar fallett útsýni er úr stórum gluggum hússins. Hjördís Sigurbjartsdóttir, formaður orlofsnefndar, segir í samtali við Lögglummanninn að við hönnun hússins hafi verið hugsað fyrir öllu. „Þetta hús er innst í botnlanga, á besta stað, og úr því er stórkostlegt útsýni. Það er alveg óhætt að segja að þetta sé flaggskip félagsins, þegar kemur að orlofshúsunum,“ segir hún.

Húsið var tekið í notkun í ágúst og getur félagsfólk leigt það á orlofsvefnum yfir vetrartímann eða sótt um helgar í sumarúthlutun, þegar þar að kemur. Hjördís segir að félagið sé afar ánægt með útkomuna og bindi vonir við að þarna muni félagsfólk eiga margar góðar stundir á komandi árum og áratugum.

Landssamband lögglumanna óskar félagsfólki til hamingju með húsið. ■



Esomeprazol Actavis

– dregur úr einkennum sýrubakflæðis

FÆST ÁN LYFSEÐILS



Esomeprazol Actavis 20 mg, magasýrubolnar töflur.

Magasýrubolnar töflur sem innihalda 20 mg af virka efninu esomeprazolí og eru ætlaðar fullorðnum til skammtímameðferðar við einkennum bakflæðis (t.d. brjóstsvíða og nábit). Kynnið ykkur notkunarleiðbeiningar, varnaðarorð og frábendingar áður en lyfið er notað. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is Markaðsleyfishafi: Actavis Group PTC ehf. Umboðsmaður á Íslandi: Teva Pharma Iceland ehf.

teva

Fréttir af félaginu



Næsta landsþing, formannskjör, framboðsfrestir o.fl.

Undirbúningur að 36. þingi LL er hafinn. Samkvæmt lögum félagsins skal þing haldið á þriggja ára fresti og í aprilmánuði. Síðasta þing sem var hið 35. frá upphafi var haldið á árinu 2021 og var því tvískipt sökum kórónuveirufaraldursins sem þá geisaði. Það þing hófst í aprilmánuði en var svo frestað og því síðan lokið í októbermánuði í Reykjavík. Fyrirhugað er að 36. þing LL verði haldið í Eyjafirði dagana 29. og 30. apríl 2024.

Samkvæmt lögum LL er kjörtímabil stjórnar, skoðunarmanna reikninga og annarra þeirra sem kosnir eru til trúnaðarstarfa þrjú ár. Formaður LL skal kosinn í allsherjar póst- eða netkosningu meðal félagsmanna LL sama ár og þing er haldið og skal kosningu vera lokið fyrir lok mars. Þeir sem gefa kost á sér í kjör formanns skulu láta kjörstjórn LL vita skriflega, með bréfi eða tölvupósti, fyrir 15. febrúar á sama ári og þing fer fram. Varaformaður og ritari LL skulu kjörnir á reglulegu þingi

LL. Kjörgengir til varaformanns og ritara eru þeir einir sem kjörnir hafa verið til setu í stjórn LL fyrir komandi tímabil. Þá skulu svæðisdeildir sjá um kosningu fulltrúa sinna í stjórn LL og skal það gert sama ár og þing er haldið. Stjórnir deilda skulu fyrir 20. janúar auglýsa eftir þeim sem vilja gefa kost á sér í stjórn LL frá viðkomandi félagssvæði. Þeir sem gefa kost á sér til stjórnar LL skulu skriflega, með bréfi eða tölvupósti, fyrir 10. febrúar koma framboði sínu til stjórnar viðkomandi deilda. Stjórnir deilda skulu koma afriti framboða þeirra sem gefa kost á sér til stjórnarsetu til stjórnar LL þegar að afloknum framboðsfresti. Ef fleiri gefa kost á sér en viðkomandi svæði á rétt til skal valið fara fram með kosningu. Fyrir 1. mars skal allsherjarkosningu lokið í hverri deild og skulu þeir sem hlutu kosningu vera fullgildir í stjórn LL næstu 3 árin. Ný stjórn LL tekur svo við að loknu þingi LL.

Afgreiðslutími skrifstofu LL

Almennur afgreiðslutími skrifstofu LL tekur breytingum 1. nóvember sl. til samræmis við opnunartíma annarra félaga í BSRB-húsinu. Afgreiðslutími skrifstofu LL er hér eftir frá klukkan 09-15 mánudaga til fimmtudaga en á föstudögum er opið frá kl. 09 til 13. Síminn er 525-8360. Komi til þess að loka þarf skrifstofu vegna vinnuferða, funda eða annars er það tilkynnt sérstaklega. Alltaf er hægt að senda erindi til félagsins með tölvupósti á ll@logreglumenn.is.



Fundur formanns með lögreglumönnum og stjórnnum svæðisdeilda

Fundum formanns LL úti á svæðisdeildum og með lögreglumönnum hefur verið framhaldið nú á haustdögum og í byrjun vetrar. Var fundur haldinn á Sauðárkróki 7. september með lögreglumönnum á Norðvesturlandi en auk þess var fundur haldinn í Borgarnesi með lögreglumönnum á Vesturlandi þann 6. október. Þá var einnig fundað með lögreglumönnum á Suðurnesjum 18. október. Á fundunum gefst lögreglumönnum tækifæri á að ræða hagsmunamál beint við formann og fulltrúa úr forystu LL. Meginefni fundanna eru kjarasamningur og stofnansamningur, starfsumhverfismál lögreglumanna og starfsemi LL. Hafa síðustu fundir verið mjög vel heppnaðir og þátttaka lögreglumanna verið mjög góð.

Ásar – þýðingar og túlkun slf.
 Ellen Ingvadóttir, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi, EU-ACI
 Almennar og löggiltar þýðingar, dóm- og ráðstefnutúlkun, textaráðgjöf.
 Ásar – þýðingar og túlkun slf » Reykjavík » Sími: 897 2717
 Netfang: ellening@simnet.is





Fræðslu- og starfsþróunarsjóður

Enn á ný var metúthlutun úr fræðslu- og starfsþróunarsjóði lögreglumanna, nú á nýliðnum októberfundi stjórnar sjóðsins. Draga má ályktanir um að mjög mikil þjálfun og menntun lögreglumanna hafi verið aðkallandi og verið uppsöfnuð ef svo má segja. Þegar fyrir kórónuveirufaraldurinn sáust merki um aukna ásækni í sjóðinn en á árinu 2018 var um 48 milljón- um króna úthlutað í styrki og yfir 50 milljón- um árið 2019. Það sem af er árinu 2023 þegar þrjár fundir af fjórum eru afstaðnir nemur heildarúthlutun úr sjóðnum yfir 67 milljónum króna, sem er langt umfram

tekjur sjóðsins á ársgrundvelli. Aldrei áður hafa jafnmargar umsóknir legið fyrir um styrki vegna náms, fræðslu og þjálfunar lögreglumanna hjá sjóðnum en á októberfundi voru þær á níunda tuginn og hafa aldrei verið fleiri. Að teknu tilliti til júnifundar hafa því um 170 umsóknir verið til meðferðar á einungis fjórum til fimm mánuðum. Ljóst er að stjórn sjóðsins mun þurfa að takmarka styrki á komandi misserum og hefur embætt- um verið tilkynnt þar um. Næsti fundur stjórnar sjóðsins er fyrirhugaður um miðjan desember.



Næsti kjarasamningur og verkáætlun

Núgildandi kjarasamningur við íslenska ríkið rennur út 31. mars 2024 en samningurinn hefur tólf mánaða gildistíma. Samkvæmt samningnum liggur fyrir verkáætlun samningsaðila en þar munu koma til vinnslu málefni og verkefni kjarasamnings sem unnin verða þvert á bandalagsgrunni með öðrum stéttarfé- lögum en svo einnig nokkur verkefni sem rædd verða og unnin beint milli LL og viðsemjenda samninganefndar ríkisins. Um síðastnefndu verkefni er um að ræða 1. kafla kjarasamnings um kaup, 7. kafla um tryggingar og 10. kafla um fræðslumál. Sameiginleg verkefni eru verkefni um betri vinnutíma, skoðun á fyrirkomulagi bakvakta, ráðning í tímavinnu og endurskoðun á veikindakafla. Nánar má fræðast um þessi efni á heimasíðu LL undir lið- um „gildandi kjarasamningur“ auk þess sem reglulega er fjallað um stöðu kjara- samnings og vinnu með hann í rafrænni útgáfu Lögreglumannsins og á fundum formanns LL með lögreglumönnum.

BÍLASALA ISLANDS

SKÓGARHLÍÐ 10 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 510 4900

BÍLASALA SÍÐAN 1995

TILBÚNIR AÐ ÞJÓNA ÞÉR



Ingi Garðar Friðriksson
Sölumaður
Sími 510 4900
GSM 896 9693
ingi@bilasalaislands.is



Rúnar Þór Hrafnkelsson
Sölumaður
Sími 510 4900
runar@bilasalaislands.is



Þróstur Gestsson
Sölumaður
Sími 510 4900
throstur@bilasalaislands.is

VIÐ ÓSKUM LÖGREGLUMÖNNUM VELFARNADAR Í STARFI

REYKJAVÍK

A faktoring ehf
A. Margeirsson ehf
Advant endurskoðun ehf
Apotek restaurant
ARGOS ehf-Arkitektastofa Grétars og Stefáns
Atlantsflug ehf
Aton.JL ehf
Auglýsingastofan ENNEMM
Álnabær ehf, verslun
Áman ehf
Ástund
Bakarameistarinn ehf
Bastard Brew & Food-www.bastard.is
BBA FJELDCO ehf
Ber ehf
Bifreiðastillingar Nicolai
Biobú ehf, lífrænar mjólkurvörur
Bíla-Doktorinn
BílaGlerið ehf
Bílahöllin-Bílayðvörn hf
Bílamálun Sigursveins Sigurðssonar
Bílaréttingar og bílasprautun Sævars ehf
Bílasmiðurinn hf
Bjarni Sigurðsson tannlæknir s: 588 8866
BK kjúklingar
Blikksmiðjan Glófaxi hf
Blikksmiðjan Grettir ehf
Bonafide lögmenn ráðgjöf sf
Bor ehf
Borgar Apótek
Borgarverk
Bókhaldsstofan Stemma ehf
Brúskur hársnyrtistofa, s: 587 7900
BSI bifreiðaverkstæði ehf
BSR ehf
Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf
Café Loki
Carpe Diem Tours ehf
CU2 ehf, www.cu2.is
D&C ehf
Devitos Pizza ehf
Draupnir lögmennsþjónusta ehf
Drífa efnalaug og þvottahús
Durum restaurant
Dynjandi ehf
Dýraspítalinn Víðidal ehf
Eðalbílar ehf
Efling stéttarfélag
Efri. Veitingastaður
Eignaumsjón hf
Elding Trading Co ehf
Endurskoðun VSK ehf
Ergoline Ísland, heildverslun
Fanntófell ehf
Farmasía
Faxaflóahafnir sf
Felgur smíðja ehf
Ferró - Prentþjónusta & skiltagerð
Félag íslenskra bifreiðaeigenda
Félag skipstjórnarmanna
Fiskbúðin Sundlaugavegi
Fiskmarkaðurinn ehf
Fjaðrabúðin Partur ehf
Flugfélagið Geirflug ehf
Flúgger ehf
Frami, félag leigubifreiðastjóra
Funkis ehf
Fylkir ehf

Föt og skór ehf
G.K. trésmíði ehf
Gagnaeyðing ehf
Gallerí List listmunaverslun
Gatnaþjónustan ehf
GÁ húsgögn ehf
Gátun ehf, bókhaldsþjónusta
GB Tjónaviðgerðir ehf
Gilbert úrsmíður-www.jswatch.com
GKS - Gamla kompaníið
Gleipnir verktakar ehf
Globus hf
Greiðan hárgreiðslustofa slf
Grettir, vatnskassar ehf
Gróðrarstöðin Mörk
Gull- og silfursmíðjan Erma ehf
Gullsmíðurinn í Mjódd
Gæðabakstur og Ömmubakstur
Hagi ehf-Hilti
Hagkaup
Hamborgarabúlla Tómasar
Hamborgarabúlla Tómasar - Við erum öll jöfn
Hársnyrtistofa Dóra
Heildverslunin Rún ehf
Henson sports
Hereford Steikhús ehf
Herrahúsið - Adam
Hið íslenska reðasafn ehf
Hitastýring hf
Hjólábúðin Markið
Hjúkrunarheimilið Eir
Hollt og gott ehf
Hornið veitingastaður
Hókus Pókus ehf
Hótel Frón ehf
Hótel Leifur Eiríksson ehf
Hreinsitækni ehf
HS pípulagnir ehf
Hugvit hf
Höfðabílar ehf
Höfðakaffi ehf
IcePharma hf
IcePhone ehf
Iðnaðarlausnir ehf
INNlifun Innrétttingaverslun
Intellecta ehf
Island Apartments
Íbúðagisting.is
Íhlutir ehf
Ísfix ehf
Íslenska Gámafélagið ehf
Íslenski barinn ehf
Ísloft blikk- og stálsmiðja ehf
Íþróttabandalag Reykjavíkur
Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík
Íþróttasamband fatlaðra
JA Lögmenn ehf
Jarðtækni ehf - Verktakar
Járn og gler hf
JHM - Sport / rafmagnshjól
Jómfrúin veitingahús ehf
Jónar Transport hf
Jöfur fasteignasala & leigumiðlun
Kaffifélagið
Kári Arnórsson ehf, byggingarverktaki
Keiluhöllin Egilshöll
Kex Hostel ehf
Kjöreign ehf, fasteignasala
Kjöthöllin ehf

Klapparvör ehf
Klettur - sala og þjónusta ehf
Klettur-Skipaafgreiðsla ehf
Kolaportið
Kopar Restaurant ehf
Kólus ehf
KTM og Husqvarnaumboði á Íslandi
Kvika Grafísk hönnun
Kvikk þjónustan ehf
LAG Lögmenn
Landhelgisgæsla Íslands
Landsbréf hf
Landslag ehf
Landsnet hf-www.landsnet.is
Landssamtök lífeyrissjóða
Linde Gas ehf
Líf og sál sálfræðistofa ehf
Ljósboginn ehf
Logo auglýsingavörur-www.logo.is
Lögræðistofa Reykjavíkur ehf
Lögræðiþjónusta Sigurðar Sigurjónssonar hrl
Lögmenn Árbæ slf
Lögmenn Laugavegi 3 ehf
Lögmenn Lækjargötu ehf
Lögreglufélag Reykjavíkur
MAGNA Lögmenn ehf
Malbikstöðin ehf
Mannverk ehf
Matarkjallarinn
Matthías ehf
Málameistarar ehf
Meba- úr og skart
Mokka-Espresso-Kaffi
MS Armann skipamiðlun ehf
Múlakaffi
Múrarmeistarafélag Reykjavíkur
MyTimePlan ehf
Neshamar ehf
Neytendastofa
Norðanmenn ehf
Nortek ehf
Nýja bílahöllin ehf
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins
Old Iceland restaurant
Olíudreifing ehf
One Systems Ísland ehf
Orka ehf
Outcome kannanir ehf
Ófeigur gullsmíðja ehf
Ósal ehf
ÓV jarðvegur ehf
Pingpong.is
Pixel ehf
Pizza King ehf
Plast - miðar og tæki ehf
Profil Optik
Prófilstál ehf
Pure Performance ehf
Raflex ehf
RAFMENNT - fræðslusetur rafiðnaðarins
Rafstjórn ehf
Rafsvið sf
Raftíðni ehf
Rafval sf
RAMIS ehf
Rásin sf, rafverktaki
Reykjafell hf
Reykjagarður hf
Reykjavík Pizzeria ehf



◀ Danskir lögreglumenn eiga erfitt með að vinna vinnuna sína vegna anna.



▶ Staðan í Ósló hefur verið erfið vegna vinnuálags.

um sem nauðsynlegir séu. Staðan núna hvað varðar skipulagða glæpastarfsemi og möguleika lögreglu á að sporna gegn sé mjög óstöðug. Raunveruleg hættu sé á ferðinni með að verði frekari fjármunum ekki veitt í að sporna gegn skipulagðri glæpastarfsemi muni lögreglan ekki geta mætt þeirri ógn og verkefnum sem uppi eru. Þá liggur einnig fyrir að lögregluháskólinn hefur menntað og útskrifað nemendur úr lögreglunámi í ríkum mæli en þrátt fyrir það hefur staðan verið sú að meira en helmingur útskrifaðra lögreglumanna hefur ekki fengið starf að loknu lögreglunáminu. Liggur fyrir að ársverkefni lögreglu í umdæmum Noregs fækkaði milli ágúst mánaða árána 2022 og 2023 um 364 ársverk, fóru úr 10.363 niður í

9.999. Af tólf umdæmum fækkaði ársverkefni í ellefu. Eingöngu norður í Finnmark var aukning milli ára.

Gagnrýni virðist þó nýlega hafa náð eyrum yfirvalda, a.m.k. að einhverju marki. Í byrjun október greindi Politiforum frá ákvörðun yfirvalda um að fjárveitingar til norsku lögreglunnar verði auknar. Segir nánar um þetta í fréttatilkynningu dómsmálaráðuneytisins norska, að fjárveitingar verði auknar um tvo milljarða norskra króna sem eyrnamerkt verður fjórum forgangsverkefnum. Að viðhalda aðgerðastigi lögreglunnar, styrkja grunnmönnum og návist hennar úti í umdæmunum, styrkja úrræði og vinnuna gegn alvarlegri fjármuna- og efnahagsbrotastarfsemi og einnig er um að ræða átak gegn ofbeldisbrotum. ■

af þunga yfir landamærin til Noregs, myndi duga ansi skammt og hafi í för með sér að hættu sé á að ónógar fjárveitingar komi einnig niður á almennri löggæslu, almennum rannsóknum og sérfræðing-

Af norrænum vettvangi

Líkt og félagar í LL þekkja var framkvæmd viðamikil skoðanakönnun í nóvember 2022 á starfsumhverfi íslenskra lögreglumanna í samvinnu við Vörðu-Rannsóknarstofnun Vinnuarkáðarins. Helstu niðurstöðum könnunarinnar hafa áður verið gerð skil í rafrænum útgáfum Lögreglumannsins en nánari upplýsingar og skýrslu um niðurstöðurnar má einnig nálgast á heimasíðu LL www.logreglumenn.is. Nýlega hafa verið framkvæmdar skoðanakannanir fyrir forgöngu landssambanda bæði í Noregi og Danmörku í tengslum við hagsmunamal og starfsumhverfi lögreglumanna.

Í dönsku könnuninni sem sagt er m.a. frá í nýlegu málgagni danska landssambandsins eru helstu niðurstöður þær að níu af hverjum tíu lögreglumönnum í Danmörku eiga erfitt með að vinna vinnuna sína sökum þess að þeir eru allt of uppteknir og störfum hlaðnir. Þá nefndu átta af hverjum tíu að lögreglunni væri allt of pólitískt smástýrt. Eru niðurstöður könnunarinnar í samræmi við það sem danska sambandið hefur lengi gagnrýnt, að yfirvöld hafi um langa hríð látið hjá líða að veita nægjanlegu fjármagni til aukins mannskaps í lögreglu, betri úrræða og tækjabúnaðar, en auk þess sé staðan þannig að um leið og stjórnmalaleg smástýring sé of mikil sem auki einnig álagið skorti á sama tíma langtímaplan og stefnumótun fyrir lögregluna. Að sögn Heino Kegel, formanns danska sambandsins, sé staðan alvarleg.



Líkt og í dönsku könnuninni sagðist riflega helmingur aðspurðra í Noregi hafa hugleitt að hætta störfum í lögreglunni.

Verði ekkert aðhafst sé raunveruleg hættu á að slæmt starfsumhverfi leiði af sér flóttu úr stéttinni. Það ætti að vera forgangsmál að vinnuveitanda haldist á góðum starfsmönnum og að starfsánægja, hvatning í starfi og starfsumhverfi sé í forgrunni. Í staðinn aukast til muna sálfræðiviðtölin í hlutfalli við sífellt aukið starfsálag. Lögreglumadurinn sem einstaklingur er skilinn eftir og valdalaus á móti stóra kerfinu. Það eigi aldrei að vera á ábyrgð einstaklings að þurfa að annast allt of mörg ábyrgðarmikil verkefni. Lögreglumenn upplifi aukið álag vegna allt of margra verkefna á sama tíma og allt of fáir starfsfélagar séu við störf. Niðurstæða rannsóknarinnar leiðir enn fremur í ljós að á undanförunum tólf mánuðum hafi einn af hverjum þremur lögreglumönnum íhugað að sækja um leyfi frá störfum eða hætta alfarið í dönsku lögreglunni.

Í Noregi fengu mörg umdæmi lögreglustjórnanna felleinkunn í norski könnun sem framkvæmd var í sumar og nánari grein er gerð fyrir í norski útgáfu Politiforum frá því fyrr í sumar. Kemur fram í umfjöllun blaðsins að norskri dómsmálaráðherrann taki niðurstöðunum alvarlega og að úrbóta sé þörf. Hefur einnig verið rætt um hrun (tillitskrise) á trausti milli æðstu stjórnenda í lögreglu og annarra lögreglumanna. Staðan í Ósló hefur verið erfið þar sem vinnuálag er gríðarlega mikið á meðan launin þykja of lág. Of margir hæfir lögreglumenn hafi hætt störfum á undanförunum árum og óttast er að þeir verði enn fleiri verði ekkert að gert. Í könnuninni sögðust sex af hverjum tíu aðspurðum norsku lögregluna vera þjakaða af hræðslu- eða óttameningu.

Hlutfallslega margir eða yfir helmingur svaraði því til að það væri ekki svigrúm til að tjá sig með frjálsum og óhindruðum hætti um vinnu- eða verkefnatengd málefni sem ekki eru háð þagnarskyldu-ákvæðum. Næstum 60% aðspurðra sleppa því einnig að tjá sig inn á við, þ.e. í vinnunni, um þessi málefni af ótta við neikvæðar afleiðingar fyrir starfsferil sinn. Líkt og í dönsku könnuninni sagðist riflega helmingur aðspurðra í Noregi hafa hugleitt að hætta störfum í lögreglunni. Þá gagnrýndi forstjóri Kripos nýlega fjárveitingar til lögreglu og sagði m.a. að það sem ætlað var til lögreglunnar í Ósló til að mæta hættunni af sænsku brotaöldunni sem nú geysar og hættu er á að geti færst

MX FUEL
ENNINN ÚTBLÁSTUR
AUKIN ÞÆGINDI

M18
EITT RAFHLÖÐUKERFI
YFIR 255 VERKFÆRI

M12
EITT RAFHLÖÐUKERFI
YFIR 110 VERKFÆRI

VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is

Um upphaf eðlisfræðilegra útreikninga á ökuhraða hér á landi

Á síðastliðnu ári voru liðin tuttugu ár frá því að dómur var kveðinn upp í hraðakstursmáli þar sem í fyrsta sinn var hér á landi byggt á eðlisfræðilegum útreikningum á ökuhraða. Í tilefni þess þykir okkur við hæfi að minnst þessara tímamóta með nokkrum orðum og rekja helstu atriði í dóminum er varða þessa útreikninga.

Aöndverðu ári 2002 hafði Þorsteinn Skúlason, fulltrúi lögreglustjórans í Reykjavík, samband við verkfræðideild Háskóla Íslands og spurðist fyrir um hvort unnt væri að reikna út hraða við árekstur ökutækja eftir ummerkjum á vettvangi og ákomu á ökutækjum. Honum var þá bent á prófessor Magnús Þór Jónsson sem kvað þetta mögulegt og var reiðubúinn til þess að taka slíkt að sér. Þorsteinn og Magnús funduðu síðan nokkrum sinnum vegna máls þess er hér um ræðir.

Tímamótadómur

Mál þetta, nr. S-1773/2002 fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, var vegna hraðaksturs sem endaði með árekstri við aðra bifreið með þeim afleiðingum að þrjár farþegar í bifreið ákærða biðu bana. Dómarrar í málinu voru Guðjón St. Marteinsson, sem var dómsformaður, Friðgeir Björnsson dómstjóri og dr. Jens Bjarnason verkfræðingur. Þorsteinn Skúlason flutti málið fyrir ákærvaldið og Hilmar Ingimundarson hrl. var verjandi ákærða. Dómur var kveðinn upp 6. nóvember 2002 og var honum ekki áfrýjað.

Hér fara á eftir kaflar úr niðurstöðu dómans og skal þess getið að tilvitnað bréf lögreglustjóra var samið og undirritað af Þorsteini Skúlasyni. Í stað skrásetningar-númera bifreiðanna sem koma fram í dóminum eru hér notaðir bókstafirnir X og Y:

„Ákærða er gefið að sök að hafa ekið bifreið sinni austur ...veg án nægjanlegrar tillitssemi og varúðar og of hratt miðað við aðstæður og almenn hraðamörk. Lögreglu-rannsókn málsins beindist þannig meðal annars að ætluðum ökuhraða ákærða er slysið varð. Með bréfi lögreglustjórans í Reykjavík, sem dags. er 17. maí sl., er þess farið á leit við Magnús Þór Jónsson prófessor að hann reikni út eftirfarandi miðað við gögn málsins og aðrar upplýsingar sem hann kunnir að afla sér:

[Í bréfi þessu, sem hér er að hluta tekið orðrétt upp í dóminn, var prófessorinn beðinn um að reikna út mögulegan lágmarkshraða, mögulegan hámarkshraða og sennilegasta hraða bifreiðarinnar X bæði í aðdraganda árekstursins og þegar hún rakst á bifreiðina Y.]



Magnús Þór Jónsson ritaði greinargerð sem dags. er 27. maí sl., þar sem skýrðar eru aðferðir sem notaðar voru við útreikninginn, forsendur þeirra og niðurstöður. Aðferð Magnúsar við að leggja mat á ökuhraða bifreiðarinnar X við áreksturinn byggir á lögmaðlum um varðveislu hreyfiorku og skriðþunga bifreiðanna tveggja. Við þessa greiningu er lagt mat á skemmdir bifreiðanna og er það mat lagt til grundvallar við að áætla hraða bifreiðarinnar X við áreksturinn að því gefnu að hraði bifreiðarinnar Y sé þekktur. Lengd hemlunarfara er jafnframt notuð til að reikna hraða bifreiðarinnar X á því augnabliki sem hemlun hófst, þ.e. á þeim tíma þegar ökuamaður hennar ók henni að beygjunni rétt vestan gatnamótanna við ...veg.

Í niðurlagi greinargerðar Magnúsar segir: „Með tilvísun í framangreindar aðferðir og forsendur eru niðurstöður útreikninga eftirfarandi:

Hraði bifreiðarinnar X þegar ökuamaður hennar ók henni að beygjunni rétt vestan gatnamótanna við ...veg.

1. Mögulegur lágmarkshraði er 114 km/klst miðað við að Y var á 20 km/klst við áreksturinn.
2. Mögulegur hámarkshraði er 188 km/klst ef Y var stopp við áreksturinn.
3. Sennilegasti hraði bifreiðar er 136 km/klst þegar miðað er við að Y var á 10 km/klst hraða við áreksturinn.

Hraði bifreiðarinnar X þegar hún rakst á bifreiðina Y.

1. Mögulegur lágmarkshraði er 53 km/klst ef Y var á 20 km/klst hraða við áreksturinn.
2. Mögulegur hámarkshraði er 107 km/klst ef Y var stopp við áreksturinn.
3. Sennilegasti hraði bifreiðar 71 km/klst ef Y var á 10 km/klst hraða við áreksturinn.“

Síðar í niðurstöðu dómans segir: „Dómurinn telur niðurstöður prófessors



Magnús Þór Jónsson



Þorsteinn Skúlason

Magnúsar Þórs sýna að ökuhraði ákærða hafi verið mjög mikill og örugglega yfir leyfðum hámarks-hraða sem var 90 km á klst. Þótt engu verði nákvæmlega slegið föstu um hann.“

Ákærði var dæmdur til þess að sæta fangelsi í 6 mánuði og var sviptur ökurétti í 4 ár.

Þróun og ný tækni

Frá árinu 2002 hafa útreikningar sem styðjast bæði við orkuvarðveislulögmálið og kraftaðferðina verið notaðir til þess að meta hraða og högg í fjölmörgum lögreglu- og dómsmálum. Dómsmálin hafa bæði snúist um að meta hraða þegar grunur hefur verið um ofsakstur og að meta högg þegar menn hafa fengið varanlegan áverka vegna lághraðaáreksturs. Hafa útreikningarnir verið gerðir fyrir dómstóla, lögreglu, tryggingafélög og einstaklinga.

Á árinu 2018 var fyrst farið að nota skráningu atviksskráningartölvu (EDR) ökutækja í dómsmálum hér á landi. Tölvan skráir og vistar bæði hraða og allar aðgerðir ökumannsins 5 sekúndum áður en ökutækið fær högg yfir viðmiðunarmörkum. Í dag er þess krafist bæði í Evrópu og Bandaríkjunum að öll ný ökutæki hafi atviksskráningartölvu.

Hlutur lögreglumanna

Benedikt Lund, fyrrverandi lögreglufulltrúi, hefur aðstoðað við þessa ritsmíð en hann vann mjög að rannsókn máls þess er lauk með framangreindum dómi og öðrum samskonar málum sem fylgdu í kjölfarið. Þá skal þess getið að Ómar Gaukur Jónsson, fyrrverandi lögreglufulltrúi, var mikill hvatamaður að ritun þessa pistils. Hafi þeir þakkir fyrir. ■

Magnús Þór Jónsson
Þorsteinn Skúlason



Fjarðabyggð



Frumherji



ÍSLENSKUR TEXTÍLINDAÐUR HF.



NÓI SÍRÍUS




Hekla



LANDFORM
LANDSLAGSARKITEKTAR



Þar sem ferðalagið byrjar



Rými til verulegra úrbóta í stjórnunarháttum

Rannsókn á brottvarfi lögreglumanna úr starfi vekur athygli innan stéttarinnar sem utan.

Mikið brottvarf menntaðra lögreglumanna úr starfi er vandamál á Íslandi eins og víða annars staðar. Í lokaverkefni sínu til meistaraþrófs í stjórnun og stefnumótun við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands leitaði Nanna Lind Stefánsdóttir skýringa á þessu brottfalli.

Athygli vekur að svo virðist sem stjórnunartengdir þættir vegi þyngst og nefndu viðmælendur Nönnu í rannsókninni m.a. samskiptaörðugleika, óréttlæti, ófaglegar ráðningar, takmarkanir á tækifærum til þróunar í starfi, neikvæðan starfsanda og jafnvel spillingu sem ástæður þess að fagmenntaðir lögreglumenn snúi sér að öðrum störfum. Þá virðist sem stjórnendur lögreglunnar séu meðvitaðir um þessar ástæður en hafi lítið gert til þess að sporna við þeim.

Nanna ræddi við sextán viðmælendur sem áttu það sameiginlegt að vera fyrrum lögreglumenn sem höfðu snúið til annarra starfa á undanföllum fimmtán árum. Þeir komu frá öllum landshornum og flestir höfðu þeir starfað hjá fleiri en einu embætti. Þar að auki var rætt við þrjá starfandi stjórnendur úr æðstu starfsstigum lögreglunnar. Rannsóknarefni sem þetta er viðkvæmt. „Ég gætti þess í rannsókninni að ekki væri hægt að sjá hverjir væru viðmælendur mínir,“ segir Nanna.

Mikil viðbrögð

Rannsóknin kom út í upphafi sumars og hafa viðbrögðin við henni verið góð. „Margir hafa hrósað mér fyrir að opna þessa umræðu og ýmis lögregluembætti; Landssambandið og dómismálaráðuneytið hafa t.a.m. sýnt rannsókninni áhuga,“ segir Nanna við Lögreglumanninn og bætir við: „Mörgum fannst ég þó köld að rugga bátinum og taka þennan slag yfir höfuð og sumir jafnvel



Nanna Lind Stefánsdóttir



Ég er enn að fá símtöl þar sem fólk heldur að búíð sé að reka mig

talið að það væri búíð að reka mig úr starfi. Það er ekki raunin. Ég er enn að fá símtöl þar sem fólk heldur að búíð sé að reka mig.”

Fleiri haft samband

Nanna segir nokkuð um að fleiri lögreglumenn, á öllum aldri og úr öllum landshlutum, hafi haft samband eftir að rannsóknin birtist og viljað segja sínar sögur – sögur sem flestar hafi verið á svipuðum nóttum. Full ástæða sé til að rannsaka málið betur og kanna t.d. hvort munur sé á brottvarfi eftir starfsaldri, eftir kynjum eða jafnvel eftir menntunarstigi að teknu tilliti til færslu lögreglumenntunar á háskólastig svo eitthvað sé nefnt. „Það kom mér á óvart að þetta hafi ekki verið rannsakað hérlandis áður.“

Nýta þarf starfskrafta betur

Viðfangsefnið segist Nanna hafa nálgast sem nemandi við háskóla en ekki sem lögregluþjónn. Hún segist þó engu að síður hafa skoðun á því hvað hægt væri að gera til úrbóta. „Það þarf að efla millistjórnendur, virkja það lag til betri stjórnunar. Einnig innleiða jákvæða vinnuþvingun og taka upp aðferðafræði mannauðsstjórnunar. Nýta þarf betur þá starfskrafta sem fyrir eru en ekki einblína ávallt á fjöldann. Það þarf að horfa á gæðin í starfsmanninum, setja upp mælikvarða á frammistöðu og hampa mönnum fyrir vel unnin störf með hækkuðum launa. Þörf er á endurskoðun á starfsmannalögunum og að rýmka heimildir stjórnenda til þess að segja lögreglumönnum upp störfum ef þeir hafa ekki staðið sig vel. Starf lögreglunnar snýst um að þjóna borgurinum, það á ekki að vera í boði að vera farþegi innan lögreglunnar í dag. Það er ekki í þágu almennings og lögreglunni ber skylda til þess að fara vel með almannafé. Þess vegna ættu stjórnendur að leggja áherslu á að útrýma þessari meðalmennsku og það hefur enginn verið rekinn fyrir að gera ekki neitt-menningu sem virðist vera ríkjandi innan lögreglunnar.“

Þó svo að þættir eins og samskiptaörðugleikar, neikvæður starfsandi og fræðinghygli við ráðningar hafi mikið að segja þegar kemur að brottfalli menntaðra lögregluþjónna þá voru fleiri þættir sem höfðu líka áhrif: Álag og streita, kaup og kjör og síðan samspil vinnu og einkalífs. Eftir stendur samt að óánægja með stjórnunartengda þætti vó þyngst. En hvað með rannsakandann sjálfan, sér Nanna Lind Stefánsdóttir sjálfa sig í lögreglunni eftir 25 ár? „Já, það þykir mér líklegt en einungis tíminn leiðir það í ljós.“



Svanhvít Eygló Ingvarsdóttir og Berglind Eyjólfssdóttir hófu báðar störf hjá lögreglunni árið 1978 og unnu báðar þar allan sinn starfsferil. Þær settust niður með blaðamanni og röktu nokkrar vel valdar sögur frá því þegar þær hófu störf. Hvernig það var að þurfa að sýna göngulagið fyrir þéttskipaðri valnefnd eldri manna. Hvernig það var að vera ævinlega ávörpuð „stelpan“ á vaktinni. Að þurfa að berjast fyrir þátttöku kvenna í námskeiðum og alþjóðlegu samstarfi, oftast dagpeningalaust og í eigin frítíma.

En ekki síður hvernig starfsumhverfið hefur þróast til betri vegar. Kosti þess að fá yngri kynslóðir til starfa sem ekki láti bjóða sér mismunun á vinnustað. Og hvað það í rauninni er sem fær konu til að starfa allan sinn starfsferil innan lögreglunnar.

Niðurlægjandi valnefnd

Svanhvít sótti upphaflega um vinnu hjá lögreglunni í Reykjavík, en dró umsóknina til baka þegar hún frétti af vinnulagi valnefndarinnar þar.

„Fólk sem sótti um hjá lögreglunni á þessum árum þurfti að ganga fyrir framan valnefndina til þess að sýna líkamsburði. Mér þótti þetta eitthvað niðurlægjandi og ákvað að sækja frekar um í Kópavogi, þar sem ég vissi að þetta var ekki gert. Ég lauk námi í lögregluskólanum árið 1981 og starfaði í Kópavogi til ársins 2007, þegar embættin á höfuðborgarsvæðinu voru sameinuð.“

Hún kveðst eiga góðar minningar úr Kópavoginum. „Mér var tekið afskaplega vel þótt ég væri kona.“ segir hún. Í Kópavogslögreglunni hafi starfað fullorðnir rólyndismenn, sem hafi einbeitt sér að því að kenna og miðla reynslu og þekkingu.

Eftir sameiningu lögregluembættanna á höfuðborgarsvæðinu tók Svanhvít þátt í því að stofna kynferðisbrotadeild lögreglunnar, sem átti eftir að stækka og vikka verksvið sitt.

Fjölbreytt og skemmtilegt

„Ég byrjaði í Reykjavík og lét mig hafa það að koma fyrir valnefndina og sýna göngulagið. Þetta var mjög sérstakt þegar maður var að byrja og gekk jafnt yfir karla og konur.“ segir Berglind á hinn bóginn.

Það voru tvær ungar konur sem spreyttu sig fyrir valnefndinni þetta árið. Berglind útskýrir að í minningunni sé upplifunin á þá leið að tíu til tólf miðaldra karlmenn hafi setið við fundarborð, grandskoðað göngulagið og spurt síðan spurninga. „Þetta var mjög sérstakt, en það var vissulega búið að vara mig við.“

Berglind átti eftir að starfa á mörgum sviðum innan lögreglunnar. Upphaflega á vöktum, síðar í sektainnheimtu þaðan sem leiðin lá í ofbeldisbrotadeild. „Þarna



MYNDIR: SIGTRYGGUR ARI

sinntum við öllum ofbeldismálum, frá slagsmálum til kynferðisbrota og allt upp í morð. Ég vann í þessum rannsóknum frá 1996 og alveg til 2004. Þá fannst mér ég þurfa að breyta til og færði mig yfir í forvarnadeildina. Þar vann ég sem tengiliður við kvennaathverfið, tengiliður við fólk af erlendum uppruna, við Alþjóðahús, við félagsþjónustuna þar sem við unnum við að reyna að finna úrræði fyrir þá sem voru á götunni, þurftu að komast í áfengismedferð. Þetta var mjög fjölbreytt og skemmtilegt.“ segir Berglind.

Hún kveðst á þessum tíma alltaf hafa haft tilfinningu fyrir því að hún væri að vinna þarft starf. Að gera gagn.

Alltaf kölluð stelpan

Þær Svanhvít og Berglind sammælast um að lögreglustöðvarnar í Reykjavík og Kópavogi hafi verið ansi ólíkir vinnustaðir á þessum árum.

„Í Reykjavík var fjöldinn og þar var þverskurður af samfélaginu og fólk með ólíkar skoðanir. Þarna voru karlmenn, bæði yngri og eldri, sem beinlínis töldu

að konur ættu ekkert erindi í störf innan lögreglunnar.“ útskýrir Berglind. Konur gætu kannski sinnt einhverjum svokölluðum mýkri málum eða mögulega rætt við þolendur kynferðisofbeldis. Helst var talið að konur ættu ekkert erindi á glæpavettvang.

„Svo dæmi sé tekið þá var ég í upphafi aldrei kölluð annað en „stelpan“. Ég var eina konan á vaktinni. Þetta var alveg fyrstu tvö til þrjú árin sem ég vann fyrir lögregluna í Reykjavík.“ bætir Berglind við.

„Ég var ekki sú eina sem þurfti að sitja undir þessu. Það var sjaldnast nema ein kona á hverri vakt á þessum tíma. Ég var mjög ósátt við þetta.“

Ég man eftir útkalli vegna heimilisofbeldis þar sem konan þurfti að fara á slysa-deild og maðurinn í fangaklefa og börnin voru eftir heima. Þá var ég sótt til þess að vera á heimilinu hjá börnunum þangað til fulltrúar barnaverndar kæmu á staðinn. Það voru svona atvik þar sem var skýr verkaskipting eftir kynjum í lögreglunni.“



Ég byrjaði í Reykjavík og lét mig hafa það að koma fyrir valnefndina og sýna göngulagið.

Berglind Eyjólfssdóttir

Lempni fremur en valdbeiting

Hjá lögreglunni í Kópavogi var þetta ansi ólíkt að mati Svanhvítar. „Þetta birtist mér allt öðruvísi í Kópavoginum. Við vorum alltaf fjögur á hverri vakt þarna í upphafi. Við vorum alltaf bara jafningjar, fyrir utan þessa tvo varðstjóra auðvitað, sem voru rólegir fullorðnir menn sem kenndu manni að tala við fólk sem var í átökum og sýna lempni frekar en að fara beint í valdbeitingu.“ segir hún.

Í Kópavoginum unnu á þessum tíma alls fjórar konur en liðið var líka fámenn. Eitt sinn á árhátíðarkvöldi hafi hún og önnur kona verið fengnar til að vera saman á vakt í lögreglubíl. „Það þótti hreinlega fréttæmt að það væru tvær konur á lögreglubíl.“

Hún segist ekki hafa fundið sterkt fyrir karlamenningu í Kópavogslögreglunni. Hún hafi á tímabili verið formaður Lögreglufélags Kópavogs. „Við vorum bara jafningjar og ég upplifði mig alltaf sem hluta af heildinni.“

Hvað á að gera við óléttu konu?

Berglind útskýrir að jafnvel þótt karllæg gildi hafi ráðið ferðinni hjá lögreglunni í Reykjavík hafi flest störf á vaktinni innan um jafnaldra verið á jafningjagrundvelli. „Það var samt á mörgum vígstöðvum sem ekki var gert ráð fyrir konum í störfum lögreglunnar á þessum tíma. Allt niður í smáatriði á borð við það að fá skyrtur. Það voru bara karlmannsskyrtur í boði.“ útskýrir Berglind.

„Já, og eins þegar konur urðu óléttar þá var bara þessi stóra spurning, hvað á að gera við óléttu konu í lögreglunni? Á að setja hana í einhver óléttuföt? Þetta var algjört stórmál og varla grín að þessu gerandi. Máttu barnshafandi konur vera á vöktum, áttu þær frekar að sinna fjar-skiptum.“ spyr Svanhvít.

Konur innan lögreglunnar hafi verið nýr veruleiki. Árið 1996 hafi komið út skýrsla um stöðu kvenna innan lögreglunnar, sem Dóra Hlín Gísladóttir, systir Svanhvítar, hafi átt þátt í að skrifa. Þar kemur fram að hlutfall kvenna innan lögreglunnar hafi verið fjögur prósent. Í dag sé þetta hlutfall 28 prósent.

Hátt brottfall kvenna

Það voru þó margvíslegar hindranir í veginum, jafnt úti í samfélaginu sem innan lögreglunnar. Brottfall kvenna úr stéttinni var hátt. ▶

„Við tókum okkur til, ég og Dóra Hlín, og hringdum í allar sem höfðu hætt til þess að komast að því hvers vegna þær hættu. Brottfallið var svo mikið og er kannski enn, án þess að ég viti það með vissu. Ástæðan var gjarnan sú að þetta væri of mikið álag fyrir fjölskylduna. Einkum í tengslum við barneignir,“ segir Svanhvít.

Ekki hafi tíðkast að fólk innan lög- reglunnar gæti unnið í hlutastörfum og barneignaleyfi hafi aðeins verið þrjú mánuðir á þessum tíma. Þannig hafi verið verulega þrengt að ungum mæðrum í störfum fyrir lögregluna.

„Já við vorum tvær í Reykjavík sem reyndum að fá hlutastörf eftir að hafa átt börn um svipað leyti. Við vildum fá að skipta á milli okkar einni stöðu. En það var ekki til umræðu. Þetta er árið 1989,“ segir Berglind.

Þær tala líka báðar um vinnuálag sem hafi verið mikið en þótt eðlilegt. Hjá lögreglunni hafi tíðkast að vinna iðulega í kringum eitt hundrað yfirvinnutíma á mánuði. Þetta hafi þótt sjálfsagt og verið nánast eins og skylda. „Maður var bara sóttur heim þegar skorti fólk,“ útskýrir Svanhvít.

Kríurnar taka flugið

Berglind og Svanhvít tóku þátt í að stofna lögregluvennafélagið Kríurnar, árið 1992. Samtökin hafi verið stofnuð til þess að þetta raðir kvenna innan lögreglunnar á Íslandi og efla tengslin.

„Við vildum bara kynnst betur og finna samtakamátt, jafnvel þótt það snerist bara um tiltölulega smávægileg mál eins og að fá búninga sem pössuðu og hentuðu okkur. Þetta skiptir allt máli,“ segir Berglind.

Ögn fyrr, árið 1989, gerðust þær félagar í EMP, evrópskum samtökum lögreglu- kvenna. „Við vorum virkar í þeim samtökum á tímabili. Okkar stærsta baráttumál á þessum tíma var að geta yfirhöfuð tekið þátt í svona starfi. Karlarnir voru þátt- takendur í alþjóðlegu samstarfi um öll möguleg mál og sóttu fjölmörg námskeið bæði í Evrópu og Bandaríkjunum.

Svo þegar við vildum taka líka þátt í alþjóðlegu starfi þá var lítið á þetta sem einhvers konar saumaklúbb. Þetta var ekki auðvelt fyrir okkur, en ég man það samt að þegar Sólveig Pétursdóttir var dómsmálaráðherra styrkti hún okkur í þessu. Okkar aðalbaráttu fólst í því að reyna að fjármagna þátttöku okkar í al- þjóðlega starfinu. Að við gætum sótt fundi og verið virkar. Öll vinna sem við lögðum í þetta var í okkar eigin frítíma.

Við töldum okkur góðar að geta fjár- magnað flug og hótél. Við fengum aldrei dagpeninga. Það kom síðar.“

Svanhvít tekur undir þetta og kveðst muna eftir skiptum þar sem hún hafi greitt allt úr eigin vasa.

Engir dagpeningar fyrir konur

„Ég man eftir því að við fórum á ráð- stefnu í kring um aldamótin,“ heldur Berglind áfram. Þá höfðum við komið því þannig fyrir að við vorum styrktar af Landssambandi lögreglumanna. Þessi



styrkur var bara sniðinn til þess að ná utan um flug- og hótélkostnað. Enga dag- peninga var að hafa. Á þetta þing mætti líka karlmaður frá lögreglunni. Hann var á sama tíma á miklu betra hóteli, fullum dagpeningum og allt greitt í topp. Ég þurfti einhvern tímann að greiða sjálf fyrir mitt hótél. Svona var þetta,“ heldur Berglind áfram. Frá árinu 1978 þegar þær hófu störf hafi framfarirnar verið hægar. Kríurnar hafi hins vegar orðið vettvangur og leið til þess að efla konur í jafnréttis- baráttu innan lögreglunnar, og hjólin hafi tekið að snúast.

Verja sig með húmor

Spurðar út í sjálft starfið og hvernig gengið hafi að vinna úr erfiðri reynslu sem óhjákvæmilega fylgi starfinu segja þær að lítið hafi verið hugsað út í þau mál upphaflega. Oft hafi lögregluþólk reynt að

verja sig með glettni og svörtum húmor.

„Maður þurfti að venjast þessu og þótti þetta ansi sérkennilegt. Það er langt síðan ég var á vöktum en ég er ekki frá því að svona svörtum húmor sé minna beitt í dag. Fólk hefur aðgang að sálsgæslu. Síðar var byrjað að hafa fundi með fólki eftir erfið útköll þar sem fólk gat tjáð sig. Slökkviliðið byrjaði á þessu á undan okkur og þetta þekkist í fleiri störfum,“ segir Berglind.

„Starfið sjálft er mjög fjölbreytt. Þú veist aldrei hvað bíður þín og yfirleitt eitthvað nýtt á hverjum degi. Það getur myndast öflug og góð stemning í hópnum í ákveðnum málum og vinnan á það til að vera virkilega skemmtileg. Við vorum kannski orðnar svolítið þreyttar þarna undir lokin áður en við hættum. En það er kannski ekkert skrytið eftir fjörutíu ára starfsferil,“ segir Svanhvít.

Þorði ekki að sofa

„Auðvitað eru mál sem maður mun aldrei gleyma og sum þeirra eru erfið,“ segir Berglind þegar þær eru spurðar út í mögu- lega áfallastreitu vegna starfsins. Svan- hvít telur sig ekki finna fyrir einkenn- um áfallastreituröskunar. „En þreyta, ofboðsleg þreyta, ég þekki það.“

„Það eina sem ég man eftir er mál sem ég þurfti að sinna þegar ég var ólétt. Ég var að starfa í fjarskiptum og þurfti að fara og opna líkhús fyrir lögreglumönnum frá Selfossi. Ég stekki til og opna líkhúsið, geng inn og sé þar tvö lík af ungabörnum. Ég var sjálf ófrísk og þetta fór alls ekki úr höfðinu á mér. Þetta sótti svo á mig að ég þorði ekki að sofa fyrstu næturnar eftir að ég átti dóttur mína. Þetta kom aftur og aftur upp í huga minn. Þetta er svona það sem ég tengi helst við hugmyndina um endurupplifanir,“ bætir Berglind við.



Ölvunaraksturinn var bara klipptur og skorinn, blóðprufa, skýrsla og málið afgreitt.

Svanhvít Eygló Ingvarsdóttir

Það hafi þó breytt miklu að hafa aðgang að sálsgæslu í vinnunni. Á árum áður hafi fólk skammast sín fyrir að leita aðstoðar sálfræðinga, en viðhorfin séu sem betur fer gerbreytt.

Taka vinnuna heim

Svanhvít og Berglind hafa báðar unnið við rannsóknir á kynferðisbrotamálum og hafa upplifað miklar samfélagsbreytingar á þeim tíma sem þær störfuðu fyrir lögregluna. Þetta á líka við um heimilisof- beldisbrot.

„Hugsunarhátturinn var jafnvel þannig að það var frekar farið að eltast við ölvunarakstursbrot en að sinna nauðgun eða heimilisofbeldi. Það voru dæmi þess að ölvunaraksturinn væri látinn ganga fyrir, sem manni þótti auðvitað skrytið,“ segir Berglind.

„Ölvunaraksturinn var bara klipptur og skorinn, blóðprufa, skýrsla og málið afgreitt. Svo er hægt að fara heim og hugsa ekki meira um það,“ bætir Svanhvít við.

Heimilisofbeldismálin taki lengri tíma í vinnslu. Það þurfi jafnvel að koma manni í fangageymslu, tryggja öryggi fólks á



Sérsmiðin heyrnartæki fyrir þig

ReSound Custom heyrnartæki



Opnaðu hugann og prófaðu nýja tegund heyrnartækja!

Ný tegund sérhannaðra tækja, sem sameina heyrnartæki og heyrnartól.

Heyrnartækin eru vatnsvarin og streyma öllu frá símanum þínum beint í tækin.

Tímabókanir í heyrnargreiningu í síma 534-9600 eða á heyrn@heyrn.is



HEYRNARÞJÓNUSTA est.2007

Hlíðasmára 19 • 201 Kópavogur • Sími 534 9600 • heyrn.is



„
Það er líka mikilvægt,
þegar maður talar við
fólk og finnur að það er að
segja satt, að útskýra fyrir
fólki að því sé trúað.“

Berglind Eyjólfadóttir

karlmenn líka fyrir ofbeldi, við getum ekkert horft fram hjá því. En þetta er algjör bylting og hún er í allra þágu. Maður þarf samt alltaf að stíga varlega til jarðar þegar maður finnur að dómstóll götunnar ætlar að taka völdin. Það eru alveg dæmi um mál sem við unnum að sem þróuðust út í mótmæli við lögreglustöðina og þess háttar. Og lögreglan getur ekkert bara staðið á tröppunum og sagt frá öllu sem á sér stað í rannsókn máls.“

Vakningin sé af hinu góða og það sé mikilvægt að fólk upplifi að það geti tjáð sig. „Það er líka mikilvægt, þegar maður talar við fólk og finnur að það er að segja satt, að útskýra fyrir fólki að því sé trúað, jafnvel þótt málin nái ekki alla leið í gegnum kerfið. Það er ekki alltaf hægt að sanna allt, en það er mikilvægt að fólk finni að því sé trúað.“ ■

staðnum og svo þurfi að gera skýrslur. Þetta geti tekið hálfu nóttina. „Síðan er auðvitað svo að þetta eru erfið mál og flestir lögreglumenn sitja uppi með málið ofarlega í huga, lengi á eftir.“

Að trúa fólki

Spurðar hvað þeim þyki um svonefnda me-too-byltingu og hvaða áhrif hún hafi haft hefur Berglind orðið. „Síðustu

árin mín í lögreglunni má segja að hafi verið gjörólík þeim fyrri. Ég vann með Kvennaathvarfinu, Stígamótum og fleirum í forvarnadeildinni. Ég naut þeirra forréttinda að þurfa bara að takast á við aðra hlið málsins. Ég þurfti bara að ræða við brotaþola. Það er alveg himinn og haf á milli þess og hefðbundinna lögreglustarfa.

Að mínu mati er þessi me-too-bylgja alger bylting fyrir konur. Auðvitað verða

VIÐ ÓSKUM LÖGREGLUMÖNNUM VELFARNADAR Í STARFI

Reykjavíkurborg
Reyktal þjónusta ehf
Réttur ehf, bílaréttingar
Rikki Chan ehf
Rima Apótek
Rossopomodoro, veitingastaður
Rými - Ofnsmíðjan ehf
S.Ó.S. Lagnir ehf
Samsýn ehf
Seljakirkja
Shalimar, Pakistanska veitingahúsið
SHV píplagningaþjónusta ehf
Sigurjónsson & Thor ehf
Sjómannafélag Íslands
Sjúkraliðafélag Íslands
Skipaþjónusta Íslands ehf
Skorri ehf
Skóarinn í Kringlunni ehf
Skólavefurinn
Sláturfélag Suðurlands svf
Smurstöðin Klöpp ehf
Sonik tækni ehf
Sportís ehf
Stál og stansar ehf
Stálbyggingar ehf
Stjörnuegg hf
Stóra bílasalan ehf
Straumkul ehf
Styrja ehf
Sushi Social
Suzuki á Íslandi
Söluturninn Vikivaki
Tannlæknafélag Íslands
Tannréttingastofan ehf
Tark - Arkitektar
TBG ehf
TCM Innheimta ehf
Tensio ehf
THG Arkitektar ehf
Tollvarðafélag Íslands
Tónastöðin ehf
Trackwell hf
Trausti Bragason ehf
Trausti fasteignasala ehf
Trésmiðja Pálma ehf
Trévirki ehf
Túnþökupjónustan ehf
Tösku- og hanskabúðin ehf
Úðafoss ehf, efnalaug
Útflaþjónusta Rúnars Geirmundssonar
Útgerðarfélag Reykjavíkur hf
Útvarp Saga
Vagnar og þjónusta ehf
Vals tómatsósa ehf
VDO ehf
Veidihúsið Sakka ehf
Velmerkt ehf
Verkfræðistofan Viðsjá ehf
Verkhönnun ehf
Verslunartækni ehf
Verslunin Álfheimar
Verslunin Vínberid
Vesturróst-Sérverslun veiðimanna
Vélar og skip ehf
Vélar og verkfæri ehf
Vélsmiðja Einars Guðbrandssonar sf
Vitabar, veitingahús
Víkuros ehf, bílamálgun og réttingar
VOOT ehf

VT þjónustan ehf
Vörubílastöðin Próttur hf
www.highlandguide.is
Þ.B. verktakar ehf
Þ.G. verktakar ehf
Þór hf
Þráinn skóari ehf
Þrír Frakkar hjá Úlfari, veitingahús
Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf

SELTJARNARNES

Horn í horn ehf, parketlagnir
Seltjarnarnesbær

VOGAR

Kvenfélagið Fjóla
Sveitarfélagið Vogar

KÓPAVOGUR

ALARK arkitektar ehf
Alhliða píplagnir sf
AP varahlutir ehf
Arkís arkitektar ehf
Arnardalur sf
Ásberg ehf
Bak Höfn ehf
Básfell ehf
Bifreiðastillingin ehf
Bifreiðaverkstæði Kópavogs ehf
Bifreiðaverkstæði Toppur ehf
Birtingaholt ehf
Bílamarkaðurinn
Bílasprautun og réttingar Auðuns
Bílaþvottastöðin Lindin ehf
Bíljöfur ehf, gul gata
Bílrúðan ehf
Bílstál ehf
Blikksmiðjan Vík ehf
Cafe Catalina
CAR-MED ehf bílaverkstæði
Einar Ágústsson & Co ehf
Elva Björk Sigurðardóttir, tannlæknir
Fagtækni ehf
Fatahreinsun Kópavogs
Fríform ehf
Frikirkjan Kefas
GG Sport
H. Hauksson ehf
Hafið-fiskverslun ehf
HÁ hreinu ehf
Hefilverk ehf
Hegas ehf
Hótel Kríunes
Hreinar línur ehf
Hringás ehf
Hvammshólar ehf
Höll ehf
Ísnes ehf, heildverslun
JS-hús ehf
Kjöthúsið ehf
Klippt og skorið hársnyrtistofa
Kraftvélar ehf
Lakkskemman ehf
Laugin ehf
Lax-á ehf
Lind fasteignasala ehf
Lítalausnir málningarpjónusta ehf
Litlaprent ehf
Lín design

Línan ehf
LK píplagnir ehf
Loft og raftæki ehf
Lokasjóður ehf
Lögmenn Kópavogi
Mannberg ehf vélsmiðja
Nitro Sport ehf
Oliner System Iceland ehf
Ólafssynir ehf
Pottagaldrar ehf
Prófill tannréttung slf
Pústþjónusta Bjarkars ehf
RadioRaf ehf
Rafbraut
Rafnar ehf
Rafsetning ehf
Rafvið ehf
Reyk- og eldþéttingar ehf
S.Þ. verktakar ehf
Sérmerkt ehf
Signature húsgögn
Sigurður Freyr Sigurðsson - Land lögmenn
SM kvótapijónusta ehf
Sportvörur
Sprautuverk ehf
Suðurverk hf
Tekk og Habitat á Íslandi ehf
Teledyne Gavia ehf
Tengi ehf
Tern Systems ehf
Titus ehf
Topplagnir ehf
Tröllalagnir ehf, píplagningaþjónusta
Vidd ehf, flísaverslun
Vikingbátar ehf
Zenus - sófar & gluggatjöld
Öryggismiðstöðin

GARÐABÆR

Ab-Þrif ehf
Carbon Par ehf
Efnalaug og fatahreinsun Garðabæ
Fagval ehf
Fimir ehf
Garðabær
Garðasókn
Geislataekni ehf - Laser þjónustan
Hagrád ehf
Hannes Arnórsson ehf
Icelink ehf
Innbak hf
Kerfóðrun ehf
Krókur ehf
Loftorka Reykjavík ehf
Læknatorg sf
Píplagnaverktakar ehf
Rafboði
Rafþjónustan slf
Samhentir-Kassagerð hf
Stíflupjónustan ehf
Style Technology ehf
Úranus ehf

HAFNARFJÖRÐUR

Altis ehf
Ás, fasteignasala ehf
Barkasuða Guðmundar ehf
Bergplast ehf
Bílaeigan Hertz



Hann bætir við að þess hafi verið dæmi að fyrimenni hafi farið með þyrlu beint frá Þingvöllum upp í Reykholt. „Geir er fjölfróður um svæðið og söguna og það var sérstaklega gaman að heimsækja hann,“ segir Teddi.

Frá Reykholti lá leiðin að Barnafossi í Hvítá. Fossinn dregur nafn sitt af tveim-

ur börnum sem áttu, endur fyrir löngu, að hafa fallið í ána af steinboga sem lá yfir hana.

Síðasti viðkomustaður hópsins var á Varmalandi, í hjarta Borgarfjarðar, þar sem gamla Húsmæðraskólanum hefur verið breytt í hótél. „Þar snæddum við glæsilegan kvöldverð,“ segir Teddi. Hann

segir aðspurður að góð stemning hafi einkennt ferðina og nefnir sérstaklega hve gaman var að hitta gamla samstarfsfélaga. „Fyrir mig sjálfan var ákaflega gaman að sjá öll þessi andlit sem maður vann með í gamla daga en hefur kannski ekki haft mikið af að segja eftir að maður hætti.“ ■

Lífeyrisþegar heimsóttu Borgarfjörð

Lífeyrisþegar úr röðum Landssambands lögreglumanna fóru í júní í afar fróðlega og skemmtilega ferð um Borgarfjörð. Theodor Kr. Þórðarson, fyrrverandi yfirlögreljubjónn lögreglunnar á Vesturlandi, var fararstjóri í ferðinni. Óhætt er að segja að Teddi, eins og hann er iðulega kallaður, þekki hvern krók og kima í Borgarfirði enda sinnti hann þar löggæslu í fjóra áratugi. „Ég er fæddur og uppalinn í Borgarnesi og náði því að vera hér í fjörutíu ár í löggunni,“ segir Teddi í samtali við Lögreglumanninn.

Um 20 félagsmenn, ásamt mökum, tóku þátt í ferðinni. Teddi gerði sér lítið fyrir og bauð öllum hópnum heim til sín, þar sem sagðar voru sögur og boðið var upp á dýrindis heimagerðan bláberjalíkjör. „Ég stalst til að bjóða hópnum heim til mín – það var ekki hluti af ferðaáætluninni en tókst afar vel,“ segir Teddi sem bætir við að fyrir vikið hafi hann náð betri og persónulegri tengingu við hópinn áður en haldið var upp Borgarfjörðinn.

Hópurinn heimsótti Búvélasafnið á Hvanneyri og fór svo í Reykholt þar sem



„Ég stalst til að bjóða hópnum heim til mín“

séra Geir Waage tók á móti þeim. Geir lét af embætti fyrir fáeinum árum en þeir Teddi þekkjast að sögn vel frá fyrri tíð. „Margar opinberar heimsóknir kóngafólks eða þjóðhöfðingja, sem ég kom að á sínum tíma, enduðu í Reykholti þar sem Geir tók á móti þeim,“ rifjar Teddi upp.

VIÐ ÓSKUM LÖGREGLUMÖNNUM VELFARNADAR Í STARFI

Bilaverk ehf bilamálan og réttingar
Bjarnar ehf
Bortækni ehf
Colas Ísland
Danco - Daníel Pétursson ehf
Fjarðarkaup ehf
Fjarðarmót ehf
Fjörúkráin-Hótél Viking
Flúrlampar ehf
Fura málmendurvinnslan ehf
G.S. múrverk ehf
Geymsla Eitt ehf
GT Verktakar ehf
Hafnarfjarðarhöfn
Hagstál ehf
Hagtak hf
Hamraborg ehf
Hárbeitt ehf
HB búðin
Heggur ehf
Hjólaspættur ehf
iHverslun.is
Ísfell ehf
J.Ólafsson ehf
Kjötkompaní ehf
Knattspyrnufélagið Haukar
Kú Kú Campers ehf
Lóðalausnir ehf
Markus Lifenet, björgunarbúnaður
Matvex ehf

Metis bókhald og ráðgjöf ehf
Músík og Sport ehf
Nonni Gull
Rafgeymasalan ehf
Reikningar og ráðgjöf ehf
Rúnir verktakar ehf
SIGN ehf, skartgripverkstæði
Síló ehf, steypusala
Skarpa renniverkstæði
Smur 54 ehf
Snyrtistofan Þema snyrti- og fótaðgerðastofa
Stál og suða ehf
Stokkhyllur ehf
Stólpi Gámar / Gámaleiga og gámasala
Strendingur ehf
Teknis ehf
ThorShip
Trésmiðjan okkar ehf
Tæki.is
Úthafsskip ehf
Valeska ehf
Verkþing ehf
Vélslípun og flotun ehf
Vökvatæki ehf
Þaktak ehf

REYKJANESBÆR
algalif.com
Allt Hreint ræstingar ehf
A-stöðin ehf

B & B Guesthouse
Benni pípari ehf
Bergnet ehf
Bergraf ehf
Bílar og Hjól ehf
Bílasprautun Magga Jóns ehf
Bílrúðubjónustan ehf
Blikksmiðja Ágústs Guðjónssonar ehf
Brunavarnir Suðurnesja
CampEasy ehf
Efnalaugin Vík ehf
Ferðabjónusta Reykjaness ehf
Happy Campers ehf
H-nál saumastofa og verslun ehf
Húsagerðin hf, trésmiðja
Kalka sorpeyðingarstöð sf
Kast.is
Lögmansstofa Reykjaness
Maggi & Daði málalarar ehf
Millvúd Pípulagnir ehf
Ný-sprautun ehf
PA hreinsun ehf, hreingerningarbjónusta
Reykjanesbær
Rétt sprautun ehf
Rörvirki sf, Lúðvík Gunnarsson
Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum
Skipasmíðastöð Njarðvíkur hf
Skólamaður ehf
Skólar ehf
Soho Catering - veisluþjónusta, www.soho.is



Einkenni fagmennsku og tenging við siðferði

Eftir Ólaf Örn Bragason, sérfræðing hjá embætti ríkislögreglustjóra

Flest höfum við á einhverjum tímapunkti velt fyrir okkur hugtakinu fagmennska. Í gegnum árin hafa margir lögreglumenn rætt við mig um skilning þeirra á fagmennsku og nokkur lögregluembætti hafa valið fagmennsku sem eitt af gildum vinnustaðarins. Þó að til séu nokkrar skilgreiningar á fagmennsku eiga flestar það sameiginlegt að (1) starfsmenn fylgi siðareglum, (2) þekking þeirra byggji á starfsreynslu, menntun og rannsóknnum og (3) þær starfa sjálfstætt en þó undir eftirliti þar til þær aðila. Fagstéttir geta verið sérhæfðar, með mismunandi þekkingu og aðferðafræði sem aðskilur þær frá öðrum sviðum. Þær eiga einnig sín eigin gildi, siðareglur og hugmyndir um hvernig vinnan ætti að vera framkvæmd innan þeirra.

Námið á háskólastig

Árið 2016 færðist menntun lögreglumanna á háskólastig og til varð nýtt nám sem styrkir stoðir starfsins sem fagstéttar til lengri tíma litið. Markmið breytinganna var að undirbúa lögreglumenn undir samfélagslegar breytingar og þróun í lögreglustarfinu til framtíðar, í átt að notkun gagnreyntra aðferða. Ætlunin var aldrei sú að lögreglumenn yrðu áhorfendur í því ferli, heldur virkir þátttakendur sem taka þátt í rannsóknum til að auka vísindalega þekkingu og þannig bæta vinnubrögð og þjónustu lögreglunnar.

Þegar skoðaður er fjöldi ritgerða á ritgerðavefnum skemman.is (gagnasafn námsritgerða) sem bera efnisorðin lögreglufræði (70 ritgerðir) og lögreglan (112 ritgerðir) er

ljóst að talsverður fjöldi nemenda hefur lagt hönd á plóg við að skapa þekkingu, því að jafnaði eru tveir nemendur sem skrifa ritgerð saman. Vísindaleg þekking sem þessi kemur þó ekki í staðinn fyrir óformlega hagnýta þekkingu sem skapast hefur í starfsreininni áratugum saman. Talsverð tækifæri eru þó til að samþætta betur vísindalega þekkingu og mikilvæga óformlega fagþekkingu sem byggir á reynslu.

Góður lögregluáður

Í nóvember 2019 framkvæmdi embætti ríkislögreglustjóra könnun meðal lögreglumanna og þar var meðal annars spurt: Hvað einkenni góðan lögreglumann? Svarendur voru bednir um að nefna hvað þeim fannst vera mikilvægast í fari lögreglumanns. Algengustu svörin „heidarleiki“, „yfirvegum“, „samskiptahæfni“ og „þolinmæði“.

Heidarleiki er í raun þegar við hegðum okkur í samræmi við siðferðisleg gildi. Árið 2020 framkvæmdi embætti ríkislögreglustjóra aftur könnun meðal lögreglumanna og þá var sérstaklega spurt um siðferðileg álitamál en 47% svarenda töldu lögreglumenn lenda oft í slíkum aðstæðum. Þá taldi yfirgnæfandi meirihluti svarenda, eða 88%, samstarfsfélaga sína í lögreglunni hafa siðferðisleg viðmið að leiðarljósi í störfum sínum.

Siðferðileg umræða

Það eru því sterkar vísbendingar um að lögreglumenn velti fyrir sér siðferðilegum álitamálum í starfi líkt og aðrar fagstéttir. Um þessar mundir er í undirbúningi

uppfærsla á siðareglum lögreglu auk þess sem reglur um vernd upplýstrana innan lögreglunnar eru á lokastigi. Samstarf hefur verið haft við fulltrúa stéttarfélag starfsfólks lögreglu (LL, BHM og SFR) og vonandi verða nýjar siðareglur til þess fallnar að auka siðferðilega umræðu innan lögreglunnar enn frekar. Nálgunin er önnur en í fyrri siðareglum, ekki jafn mikið um boð og bönn, heldur viðmið og leiðbeiningar.

Einstaklingsbundin ígrundun og samtali milli þeirra sem fagstéttinni tilheyrir er grundvöllur siðferðilegra ákvarðana. Að spyrja sjálfan sig spurninga getur hjálpað við að taka ákvörðun þegar staðið er frammi fyrir siðaklemmu. Dæmi um hjálplegar spurningar eru: (1) Skaða ég orðspor lögreglunnar með hegðun minni? (2) Gengur þetta gegn hlutverki og skyldum lögreglunnar? Samrýmist þetta skilningi mínum á hlutverki og skyldum lögreglu? (3) Er ég að bregðast skyldum mínum gagnvart samstarfsfólki? (4) Get ég skaðað orðspor mitt meðal kollega og skaðað samstarf? (5) Þarf ég að halda einhverju leyndu?

Nýjar siðareglur

Lögreglan hefur þróast mikið á síðustu áratugum og fagmennskan hefur þroskast og færst nær því sem gerist hjá öðrum fagstéttum sem veita opinbera þjónustu. Skýr siðferðileg viðmið og umræða, þekking byggð á starfsreynslu, menntun og rannsóknir og sjálfstæði í starfi eru all einkenni sterkrar fagstéttar. Ég hvet ykkur til að nýta tækifærið þegar nýjar siðareglur koma út til að lesa þær vel, ígrunda og ræða við samstarfsfólk ykkar! ■



Eini búnaðurinn sem **EKKI** treystir á sársauka til að knýja fram hlýðni

Nýjasta tækni í valdbeitingarbúnaði til að draga úr stigmögnun

Þegar hleypt er af BolaWrap þá verður hár hvellur og kevlar strengurinn skýst út (3-8 metra) og vefst 1-3 sinnum utan um einstaklinginn. Þessi hái hvellur truflar og strengurinn heldur aftur af hreyfingum. Það gefur lögreglumönnum færi á að handsama hann án mikillar hættu.

BOLAWRAP 150

Sterkbyggður, áreiðanlegur búnaður og einfaldur í notkun.

ENDURHLAÐANLEGT HYLKI

Inniheldur 2,3 m Kevlar® streng. Skotið út með microgas rafal. Hannað til að tjóðra einstakling án sársauka.

MÍÐUNARLASER

Kviknar sjálfvirkir þegar kveikt er á búnaðinum.

VASALJÓS

Sjálfvirkir þegar kveikt er á búnaðinum og fleiri lausar hendur í myrkrinu.

GAUMLJÓS FYRIR RAFHLÖÐU



VALDBEITINGARSTIG

SKIPANIR

BOLAWRAP

Valdbeiting með sársauka

LÖGREGLUHUNDAR

TÁRAGAS

KYLFA

RAFBYSSA

SKOTVOPN

Útfærsla valdbeitingarstiga er samkvæmt skýrslu bresks sérfræðingahóps sem fjallaði um Bolawrap.


Donna

Sími 555 3100 www.donna.is





Það voru til dæmis vopnaðir Danir sem stóðu vörð fyrir framan Hörpu



MYND: SIGTRYGGUR ARI

Stærsta verkefni íslenskrar lögreglu

Karl Steinar Valsson, yfirlögregluþjónn á öryggis- og greiningarsviði ríkislögreglustjóra, hafði tiltölulega nýlega tekið við embættinu í fyrrahaust þegar hann tók að heyra út undan sér að stór fundur yrði hugsanlega haldinn hér á landi.

Upphafleg hugmynd gekk út á að hér myndu hittast utanríkisráðherrar ríkja Evrópuráðsins, sem vissulega kallaði á umfangsmikla lögregluáðgerð með tilheyrandi undirbúningi og skipulagi.

Karl segist hafa rétt verið byrjaður í að máta sig í hinu nýja starfi þegar verkefnið kom á hans borð, og það af fullum þunga.

„Það var ekki fyrr en síðar um haustið sem við fengum staðfestingu á eðli þessa fundar. Það var í sjálfu sér ekki rætt við okkur sérstaklega um umfangið í fyrstu, enda held ég að þróunin hafi verið ör frá hugmyndinni um fund utanríkisráðherra yfir í fjölmennan fund með helstu þjóðarleiðtogum. Okkur varð skjótt ljóst að þetta stefndi í að verða stærsta verkefni sem íslensk lögregla og stjórnkerfi hefðu tekið sér fyrir hendur,“ segir Karl.

Leiddist í lögfræðinni

Karl Steinar kom inn í lögregluna í sumarafleysingum árið 1986. Hann hafði þá verið í Háskóla Íslands, en undi hag sínum þar aðeins miðlungi vel. „Mér þótti þetta strax mjög skemmtilegt starf. Það voru margir í liðinu sem ég þekkti og starfið var skemmtilegt og gefandi. Ég ákvað að óska eftir því að fá að fara í lögregluskólann. Kerfið var þannig í þá daga að maður lýsti yfir áhuga og svo ákvað embættið hvort maður yrði sendur í námið eða ekki. Þetta var þó þannig að mig langaði strax að læra eitthvað meira og fljótlega fór ég að læra afbrotufræði í Kaliforníu. Ég kláraði það árið 1994 og kom til baka í lögregluna.“

Hann segir þetta hafa verið spennandi tíma og það hafi verið ánægjulegt að geta nýtt sér námið í starfinu. Hann hafi til að mynda alltaf verið heillaður af forvarnastarfi. „Árið 1997 var ég beðinn að leiða forvarnadeildina og fékk þá tækifæri til þess að byggja hana upp út frá því sem ég hafði verið að læra og því sem var efst á baugi á þeim tíma. Við vorum að rýna í tölfræðina í starfinu og þetta voru mjög skemmtilegir tímar. Þarna var ég í ein átta ár og tók meðal annars þátt í að byggja upp hverfastöðvar að norrænni fyrirmynd.“

Hann hafi síðan að jafnaði breytt um

vettvang innan lögreglunnar á sjö ára fresti. Hann hafi starfað í almennri deild og þaðan flutt sig í fíkniefnadeildina.

„Ég vann líka úti í Haag hjá Europól í fjögur ár. Kom svo heim og gekk til liðs við rannsóknareininguna hjá LRH. Sótti svo um hér hjá ríkislögreglustjóra árið 2019. Þegar ég kom hingað þá var ég með alþjóðadeildina. Núna sé ég um hvor tveggja, greiningar- og öryggissvið. Þannig er ég yfir greiningardeildinni en er líka með sérsveitina og öryggisdeildina, sem meðal annars sér um öryggi æðstu ráðamanna, Alþingi og þess háttar. Þannig að þetta eru raunverulega þrjár einingar á minni könnu.“

Stíf gæsla á þjóðarleiðtogum

En aftur að hinum umfangsmikla leiðtogafundi Evrópuráðsins. „Þetta er hluti af regluverkinu að ríkið og lögreglan bera ábyrgð á öryggi erlendra leiðtoga á meðan þeir eru hér. Þetta er svo gert í samræmi við það hættumat sem er á hverjum og einum þjóðarleiðtoga. Sumir þessara þjóðarleiðtoga sæta alls kyns hótunum og þar af leiðir að öryggisgæslan er strangari en

annars,“ segir Karl. Hann hafi, í samvinnu við sitt fólk hjá embættinu, allsnarlega þurft að reyna að gera sér grein fyrir því hvort íslenskt lögregluvið réði við verkefnið og um leið skilja hvað upp á vantaði.

„Við þurftum í snarhasti að átta okkur á því hvort við hefðum nægjanlegan mannafla, búnað og þjálfun innan lögreglunnar. Það var strax ljóst að ásyndin á þessari heimsókn yrði ólík því sem við eigum að venjast vegna þess að hér yrðu svo margir gestir sem þyrftu vopnaða gæslu.“

Jafnan þegar erlendir þjóðhöfðingjar heimsæki landið fá þeir að hafa með sér sína eigin vopnuðu öryggisverði. Hins vegar sé krafan sú að einhver úr íslenskrri lögreglu stjórni þessari öryggisgæslu. Eðli málsins samkvæmt sjái sérsveit ríkislögreglustjóra um slík verkefni þegar þau koma upp.

„Umfangið á þessu verkefni þýddi auðvitað það að sérsveitin, sem vanalega fer með vopnuð verkefni, myndi ekki ná utan um þetta ein og sér. Sveitin þyrfti aukin heldur að vera til taks ef einhver atburðarás færi af stað þar sem hennar væri þörf. Þess vegna þurftum við í rauninni að halda sérsveitinni fyrir utan þennan þátt verkefnisins.“

Öll embættin með

Fljótlega var hafist handa við að teikna upp áðgerðina sjálfa og allt sem til þyrfti, þó þannig að tryggt væri að viðbragð lögreglu á landinu væri nægjanlegt að öllu öðru leyti.

„Þetta var verkefnisstjórnun sem ég leiddi og við þurftum að hafa öll lögregluembættin á landinu með okkur af því að okkur vantaði fólk, okkur vantaði þekkingu, okkur vantaði bíla og búnað. Þetta fór svo að það voru á bilinu sjö til átta hundruð manns sem komu að verkefninu af okkar hálfu. Það eru ekki nema sjö hundruð lögreglumenn á landinu.“

Sett var af stað verkefnisstjórn sem fól í sér vikulega fundi með utanríkisþjónustunni. Karl bendir á að þegar í upphafi hafi verið greinilegt að innan lögreglunnar þótti folki verkefnið spennandi. Reynt hafi verið að nálgast verkefnið með þeim hætti að íslensk lögregla stæði sterkari og betri að verkefninu loknu.

„Við fórum strax af stað með mikið af þjálfun og námskeiðum því það var ljóst ▶



▶ Þó nokkuð af skotvopnum voru keypt vegna fundarins.



að þarna þyrftum við undirbúning. Þessi þjálfun laut talsvert að vopnaþættinum, því þarna skorti okkur þekkingu. Við þyrftum líka að setja niður fyrir okkur hvernig staðið yrði að innri og ytri gæslu á hótelum og fundarstöðum. Hvernig leiðtogarnir kæmu til landsins. Hvort þeir kæmu að megninu með einkaþotum á Reykjavíkflugvöll eða frekar með farþegaþotum til Keflavíkur. Það eru staði fyrir á bilinu tuttugu til þrjátíu einkaþotur í Reykjavík. Önnur umferð þyrfti að fara til Keflavíkur.“

Norrænt ákvæði virkjað

Þegar yfirsýn á umfangið tók að skýrast ákvæð Karl að láta virkja samvinnuákvæði í norrænum löggæslusamningi. „Við sáum að við myndum ekki geta leyst þetta ein okkar liðs. Við yrðum að fá lánað fólk. Við sendum frá okkur það sem kallað er „early-warning“ á öll Norðurlöndin og fengum strax jákvæð viðbrögð. Það kom reyndar á daginn að tímasetningin hentaði ekki fyrir sænska lögreglu því þar í landi var einnig fyrirhugaður stór fundur vegna formennsku Svía í Evrópusambandinu.“ Samstarf milli Norðurlandanna í löggæslu er nokkuð stundað, einkum á milli Svíþjóðar og Danmerkur, í tengslum við stærri viðburði.

Einnig var haft samband við tollgæsluna hér heima sem og landhelgisgæsluna. Allir lögðust því á eitt um að takast á við þetta stóra verkefni.

„Við höfðum líka samband við Europol og Frontex og settum í gang samstarf við Europol um að vakta netsamskipti út frá hryðjuverkaögn. Þetta fór af stað strax í desember. Það sama gerðum við í samstarfi við norrænu öryggisþjónusturnar, leyniþjónusturnar. Eitthvað var verið að tala um þennan fund með tilliti til hryðjuverka eða einhverrar ógnar. Það var heilmikið net sem var virkjað.“



▲ Vopnaðir lögreglumenn á þaki Hörpu. Reynt var að nálgast verkefnið með þeim hætti að íslensk lögregla staði sterkari og betri að verkefninu loknu.

◀ Karl Steinar segir að í öllum áætlunum hafi þurft að gera ráð fyrir að eitthvað færi úrskelis.

Okkar hluti kemur til með að verða rétt tæpur einn og hálfur milljarður.

Búnaður og þjálfun

„Við þyrftum að fara strax yfir það hvað við ættum af vopnum og hvað við þyrftum að vera með af vopnuðu fólki. Utanríkisþjónustan fór í það að „blokkera“ hótél fyrir fundinn. Það var mikilvægt fyrir okkur að þeir leiðtogar sem hingað kæmu væru sem næst fundarstaðnum til þess að radiusinn fyrir alla öryggisfylgd væri sem minnstur. Í upphafi var talið að gestirnir yrðu á allt að sautján hótelum en við náðum þeirri tölu niður í fimm. Við hefðum mögulega ekki ráðið við að hafa hópinn mikið dreifðari.

Við stóðum líka frammi fyrir því að það stendur yfir stríð og það getur verið erfitt að nálgast vopn og skotfæri, varnarbúnað og hjálma, allan þennan búnað sem okkur

vantaði. Við þyrftum þess vegna að láta hendur standa fram úr ermum. Það hjálpaði auðvitað að við vorum ekki að biðja um mikið af búnaði í stóra samhenginu. Nokkrir kassar af hinu og þessu. En engu að síður var afhendingartíminn mjög knappur. En við fórum strax af stað í þessum undirbúningi. Við bættum til dæmis við fimm lögreglumótorhjólum, einfaldlega vegna þess að eitt mótorhjól getur gert svo margt í umferðarfylgd og á létt með að komast út um allt,“ segir Karl.

Einnig þyrfti að semja við stjórnvöld um fjármögnun á þessum búnaði og gera raunhæfa kostnaðaráætlun vegna fundarins. „Þessar óskir okkar mættu skilningi, enda vorum við aðeins að biðja um þann búnað sem þyrfti til þess að geta staðist kröfurnar.“ „Ég held að íslenska stjórnkerfið, ráðuneytin og lögreglan, hafi náð að vinna gríðarlega vel saman að því að finna lausnir á öllum þeim ótal vandamálum sem við blöstu. Þarna voru auðvitað verkefni sem virtust ófyrstíganleg en náðust í höfn með góðri samvinnu. Við vildum líka að kostnaðaráætlunir okkar stæðust. Fyrsta áætlunin tók reyndar ekki miklum breytingum í gegnum ferlið. Það er ekki

komið lokauppgjör því enn eiga einhverjir reikningar eftir að berast. Eins og þetta litur út núna þá virðumst við hafa verið mjög nálægt þessu í okkar áætlunum. Okkar hluti kemur til með að verða rétt tæpur einn og hálfur milljarður.“

Gerðu ráð fyrir eldgosi

Fyrst þegar fólk var að velta fyrir sér tímasetningunni á fundinum kom til greina að fundurinn yrði haldinn í apríl. „Við bentum strax á að það væri mjög óæskileg tímasetning. Í fyrsta lagi væri ekki öruggt að við hefðum fengið allan þann búnað sem við þyrftum til verksins, en ekki síður að í apríl er veðurfarir mikill óvissuþáttur. Frost og snjókoma þýðir til dæmis að við getum ekki notað mótorhjólina. Við sögðum strax að þessi dagsetning, um miðjan maí, væri langsamlega best. Þannig gátum við líka nýtt okkur alla þá sem voru að útskrifa úr lögregluskólanum. Þaðan komu strax fjóurtíu til fimmtíu manns beint inn í verkefnið.“

Í öllum áætlunum þurfti síðan að gera ráð fyrir að eitthvað gæti farið úrskelis annars staðar en í tengslum við fundinn. Til dæmis ef eldgos brytist út.

„Við gerðum ráð fyrir því að ef upp kæmi neyðarástand í öðrum landshluta væri ákveðinn hópur sem gæti strax farið í slík verkefni. Og ef eldgos brytist nú út vorum við tilbúin að virkja stjórnstöð almanna-varna ýmist í lögregluskólanum eða á Akureyri, því að miðstöðin í Skógarhlíð var lögð undir fundinn.“

Alls eru um 700 lögreglukonur og -menn á Íslandi. Þegar upp var staðið voru 96 erlendir lögregluþjónar fengnir að láni vegna fundarins auk alls kyns sérfræðinga sem unnu að verkefninu innan banda lögreglunnar. Einnig voru fyrrverandi lögreglumenn fengnir til þess að aðstoða við framkvæmdina.

„Við keyptum þó nokkuð af skotvopnum og varnarbúnaði í þessu ferli. Nú, þegar miklu stærri hluti lögregluliðsins hefur fengið viðeigandi þjálfun, erum við farin að dreifa þessum búnaði til lögregluembættanna á landinu. Nú eru embættin, ef á þarf að halda, miklu betur stödd en þau voru áður.“

Öryggi á fundarstað

„Við fengum mikla aðstoð við að fylgjast með netsamskiptum sem gátu tengst fundinum og þá var verið að vakta hvort væri verið að undirbúa hryðjuverk af einhverju tagi. Það voru vissulega samtöl um þennan fund, en við fengum aldrei neinar upplýsingar sem bentu til þess að verið væri að skipuleggja hryðjuverk. Það eru bara mjög góðar fréttir.

Sú hryðjuverkaögn sem taldar voru mestar líkur á eru annars vegar netþátturinn og síðan einhvers konar sprengjuárásir. Það eru auðvitað augljósir áhættuþættir þegar þjódarleiðtogarnir eru allir staddir á sama stað á sama tíma. Við auðvitað höfðum gríðarlega mikla löggæslu í tengslum við það og lokuðum stórum svæðum í bænum og fylgdumst vel með umhverfinu.

Við bakgrunnstékkum alla þá sem störfuðu í tengslum við fundinn. Allir



Sumir þessara þjódarleiðtoga sæta allskyns hótunum og þar af leiðir að öryggisgæslan er strangari en annars.

nafnalistar voru athugaðir. Þetta er einn þátturinn í þessari gæslu og því að tryggja öryggi á fundarstaðnum sjálfum.

Annað sem við huguðum að var möguleikinn á að okkar eigið fjarskiptakerfi myndi hrynja. Netárásur á innviði lögreglakerfanna fjölgaði á þessum tíma. Við þyrftum að vita hvernig við ætluðum að ráða við slíkar aðstæður. Talstöðvakerfin okkar höfðu aldrei verið í svona mikilli og víðtækri notkun auk þess sem við nýttum myndavélar við stjórnun þannig að hægt væri að lágmarka talstöðvasamskipti,“ segir Karl.

Netárásir hafi vissulega átt sér stað meðan á fundinum stóð. Þessar árásir hafi náð að lama ákveðnar síður á vef Alþingis. „Við áttum raunar von á því að það yrði meira hjólað í fundarstaðinn, þannig að ímynd fundarstaðarins yrði á einhvern hátt löskuð. Það varð ekki.“

Hann segir einnig að lögreglan hafi lagt mikið upp úr því að upplýsa borgarana um að ásynð lögreglu yrði öðruvísi en vanalega meðan á fundinum stæði. Núna sé það bara sérsveitin sem sé vopnuð og aðrir lögreglumenn vopnast ekki nema undir sérstökum kringumstæðum.

Almenn ánægja

Karl er ánægður með þátt lögreglunnar í þessum stóra alþjóðlega viðburði og jafnvel þótt mikið hafi verið unnið og dagarnir verið langir hafi árangurinn verið þess virði. „Þetta fór því þannig með fólkið sem okkur var lánað frá Norðurlöndunum að það var í fullri vinnu. Fólk sem annars er einhvers staðar í bakgrunninum. Það voru til dæmis vopnaðir Danir sem stóðu vörð fyrir framan Hörpu. Þetta var þá þannig að það voru íslenskir hópstjórar með fimm danska lögreglumenn með sér hver. Þetta var skemmtileg vinna og gekk afar smurt. Það var meira að segja þannig að þegar við vorum að kveðja þessa útlendinga sem höfðu verið með okkur, sem voru alveg í skýjunum, þá voru mörg sem spurðu hvort ekki mætti leita til þeirra aftur seinna. Við hljótum að hafa gert eitthvað rétt. Við finnum það líka í alþjóðastarfinu eftir fundinn að það er lítið öðruvísi á okkur. Við stimpluðum okkur inn með góðum undirbúningi, sem öll löndin sáu og fundu fyrir. Það gekk ýmislegt á en engir stórir hnókrar.“



Sérfræðingar í sakamálum

Lögmennirnir Einar Oddur Sigurðsson og Unnsteinn Örn Elvarsson sem hafa sérhæft sig í sakamálum hafa nú gengið til liðs við lögmennstofuna Lögmál ehf., Skólavörðustíg 12, 101 Reykjavík, sem meðeigendur með þeim Ásgeiri Þór Árnasyni, Lúðvík Erni Steinarssyni og Magnúsi Óskarssyni, lögmönnum sem voru þar fyrir.

**Einar Oddur
Sigurðsson**
einar@logmal.is
sími 858 2588

**Unnsteinn Örn
Elvarsson**
unnsteinn@logmal.is
sími 823 8994



„ÚTAF MEÐ DÓMARAN“

Ritstjórn Lögreglumannsins er kunnugt um að hátt í tugur starfandi lögreglumanna sinni dómgæslu í knattspyrnu. Sumir þeirra eru í allra fremstu röð hér á landi en aðrir nýrri í faginu. Dómarar standa stundum í ströngu við að framfylgja lögum og reglum, rétt og eins lögreglumenn. Þeir eru ekki alltaf vinsælir, eins og kunnugleg yfirskrift þessarar greinar minnir okkur á. Í þessari úttekt er rætt við fimm þessara dómara og svöltil tilraun gerð til að varpa ljósi á hvað dregur lögreglumenn að flautunni.

Ég á börn í knattspyrnu og byrjaði að dæma hjá þeim. Þannig byrjar þetta hjá flestum,“ segir Guðmundur Halldórsson, starfsmaður héraðssaksóknara. Guðmundur er tiltölulega nýbyrjaður að dæma og hefur dæmt leiki hjá yngri flokkum Breiðabliks og á Íslandsmótum yngri flokka. Hann segir áhugann á þessu hlutverki hafa aukist hratt og að dómgæslan hafi breytt sýn hans á knattspyrnuna. „Reglurnar og allt í kringum þetta er allt öðruvísi en margur ímyndar sér. Ég komst að því að ég vissi minna en ég hafði reiknað með. Maður lærir nýja hluti og lærir meira um knattspyrnu yfir höfuð,“ útskýrir Guðmundur.

Þetta áhugamál er þegar farið að vinda upp á sig. Hann hefur skráð sig til að dæma fyrir KSÍ á næsta tímabili. Spurður hvort hann stefni langt í dómgæslunni svarar Guðmundur því til að aldurinn vinni kannski ekki með honum. Hann er fæddur árið 1979. „En þetta er einmitt eitt af því

sem ég vil spyrja sjálfan mig að líka,“ segir hann íbygginn. „Ég vil komast að því hvar takmörkin liggja og hvað maður fer langt.“ Hann segir of algengt að félögin sinni dómaramálum ekki nógu vel. „Stundum sér maður að krakkar eru settir á leiki sem þeir ráða ekki við að dæma. Það er ekki gott fyrir neinn.“ Hann vilji því leggja sitt af mörkum. Það sé mjög gefandi að klára góðan leik. „Ég er fyrst og fremst í þessu ánægjunnar vegna.“ Spurður hvaða eiginleika lögreglumenn hafi sem nýst geti í dómgæslu svarar Guðmundur því til að lögreglumenn séu kannski ekki óvanir því að vera í krefjandi aðstæðum. „Lögreglumönnum finnst kannski ekki mjög íþyngjandi að láta konur eða karla hrópa á sig eða sýna af sér ógnandi hegðun á knattspyrnuvelli,“ útskýrir hann og bætir leikurinn myndi aldrei ganga upp nema einhver stýrði honum. „Þetta snýst, eins og annað í lífinu, um að leysa úr aðstæðum og láta leikinn ganga upp þannig að allir gangi sáttir frá borði.“

„Elska að láta öskra á mig“
Soffía Umarrin Kristinsdóttir, sem starfar hjá rannsóknardeild LRH, hefur verið knattspyrnudómari undanfarin tvö tímabil. Hún segist aðspurð hafa viljað vera áfram hluti af leiknum, þegar knattspyrnuferlinum lauk. Sú hugsun hafi leitt hana í dómgæsluna. „Ég æfði fótbolta í örugglega einhver 16 ár og vildi áfram vera í kringum fótbolta þegar ég hætti að spila,“ útskýrir hún. Soffía, sem hefur starfað innan lögreglunnar frá árinu 2017, reyndi fyrst fyrir sér í yngri flokkum en fór fljótlega að dæma hjá KSÍ. Nú dæmir hún mest í Bestu deild kvenna. Spurð hvað dómarastarfið gefi henni hugsar hún sig smá stund um og segir svo létt í bragði: „Ég elska að láta öskra á mig“. Að öllu gamni slepptu þá segir hún að kannski sé hún bara von að vinna þar sem geti skapast ringulreið (caos). „Ég þrífst vel þar sem adrenalínið er í botni – þetta er svolítið eins og vettvangsstjórnun,“ útskýrir hún. ▶



Ert þú að skipuleggja árshátíð, hópferð eða aðra viðburði erlendis?

Trans-Atlantic býður upp á hallir, kastala, hefðarsetur, miðaldaborgir og frábæra viðburðastjórnun fyrir hópinn þinn.



www.transatlantic.is

Hafðu samband við okkur og fáðu tilboð í þína ferð!



588-8900

BESTU KVEÐJUR TIL LÖGREGLUMANNA UM LAND ALLT

Mikilvægt er að hlúa að starfsumhverfi lögreglumanna sem og tryggja þeim þau tæki sem nauðsynleg eru í verkefnum sínum.

Starfsfólk Víkurrafs ehf á Húsvík óskar lögreglumönnum velfarnaðar í starfi.



GAÐARSBRAUT 18A, 640 HÚSAVÍK | S: 895 2545



VIKURRAF@VIKURRAF.IS | WWW.VIKURRAF.IS



Lögreglumennirnir og dómarnir Róbert Þór Guðmundsson og Pétur Guðmundsson. Pétur heldur á viðurkenningu frá KSÍ sem dómari ársins.

Soffía hefur ekki sett sér markmið í dóm-gæslunni en nefnir að það gæti verið gaman að komast eitthvað lengra. „En það verður bara að koma í ljós,“ segir hún að lokum.

Nýtur góðs félagskappar

„Ég var að vinna með Birni Bjartmarz í miðlægri rannsóknardeild fyrir nokkrum árum. Hann var að þjálfa yngri flokka og vantaði reglulega dómara. Hann sannfærði mig um að byrja að dæma fyrir Víking,“ segir landsdómarninn og lögreglumaðurinn Daniel Ingi Þórisson. Hann segir að hann hafi verið óviss til að byrja með en að lokum hafi hann látið slag standa. Hann sér ekki eftir þeirri ákvörðun og hefur nú blásið í flautuna í um sjö ár.

Daniel, sem starfar í dag hjá ríkislögreglu- stjóra en dæmir aðallega sem aðstoðardómari í efstu deildum karla og kvenna, segir að hann sé ekki knattspyrnudurumari peningana vegna. Í dómgæslu njóti hann félagskapparins og fái auk þess góða hreyfingu út úr hlutverkinu.


Daniel bendir á að einn leikur, með undirbúningi og frágangi, taki um fimm til sex tíma. Stór hluti dagsins sé því undir, þegar leikdagur renna upp. Hann segist hins vegar njóta hlutverksins. „Ég hef gaman að þessu og á meðan það er þannig, þá vil ég halda áfram að dæma.“

Eiginlega galið áhugamáli

„Þetta er dæmi sem annað hvort grípur þig eða ekki,“ segir lögreglumaðurinn Róbert Þór Guðmundsson. Róbert byrjaði að dæma í vor en hann á strák í yngri flokki hjá FH. Þar vantaði dómara og hann ákvað að slá til. „Ég byrjaði á að dæma nokkra leiki hjá yngri flokkum og það gekk bara nokkuð vel. Eftir dómaramámskeið skráði ég mig á lista hjá KSÍ. Þar færðu stærri verkefni; deildarleiki og slíkt,“ útskýrir hann.

Róbert dæmdi líka nokkra meistara-flokksleiki í sumar og viðurkennir að það sé svolítið öðruvísi upplifun. „Hraðinn er meiri í leiknum en þetta eru samt alltaf bara mannleg samskipti,“ segir hann og gerir stutt hlé á máli sínu en hann bætir við: „Þetta er eiginlega galið áhugamál. Þeir vita sem vita.“

Starf dómara er að mati Róberts ekki á allan hátt frábrugðið lög-gæslustarfinu. „Þú



Soffía Umfarinn Kristinsdóttir dæmir mest í efstu deild kvenna. MYND: FÓTBOLTI.NET / HAFLIÐI BREIDFJÖRD

ert með tvo aðstoðarmenn með þér sem eru eins og vaktfélagar. Þetta er teymisvinna alveg eins og í löggunni. Svo rýna menn saman í vaktina og hvað betur hefði mátt fara og hvað var vel gert. Það er svo alls kyns áreiti sem fylgir því að dæma – við lögreglu-menn erum vanir því. Líkindin eru þess vegna nokkuð mikil.“

Róbert Þór, sem er 39 ára, segir að dómara-starfið sé ríkulega launað. Launin séu millifærð um leið og leik lýkur. „Þegar liðin þakka fyrir sig að leik loknum – sérstaklega þegar tapliðið þakkar fyrir góða dóm-gæslu – það eru bestu launin og þau berast manni strax,“ útskýrir hann en bætir svo við að auk þess sé hægt að hafa ágætisaukafélag upp úr þessu. Dómara-starfinu fylgi líka góð hreyfing – hreyfing sem öðlist tilgang.


Spurður hversu langt hann stefni í dóm-gæslunni svarar Róbert því til að hann ætli bara að njóta þess að dæma og sjá hversu langt það fleytir honum. „Ég myndi alveg vilja dæma í efstu deildum karla og kvenna á einhverjum tímamarki. Það gerist bara ef maður heldur áfram að bæta sig.“

Eitt ár í viðbót

„Ég er knattspyrnuáhugamaður og það gefur mér mikið að vera í kring um knattspyrnuhreyfinguna á Íslandi,“ segir Pétur Guðmundsson, einn reyndasti og fremsti dómari landsins. Pétur var á dögunum, í fjórða skiptið á síðustu fimm árum, valinn besti dómarninn í Bestu deild karla. Hann var meðdur fimm ára.

Eins og svo margir sem hér er rætt við byrjaði Pétur að dæma leiki í yngri flokkum af því að þar vantaði dómara. Það var árið 2007 en þá var Pétur að ljúka sínum knattspyrnuferli. „Þá stóð ekki til að gera feril úr því að verða dómari en síðan vatt þetta upp á sig. Ég var beðinn um að taka fleiri og fleiri verkefni. Ég komst líka að því að þetta var góð leið til að halda sér á hreyfingu,“ segir Pétur um upphaf ferils síns sem dómari.

Pétur hefur verið lengi að stefna á að taka eitt ár í viðbót. „Ég er búinn að reyna að



Róbert Þór Guðmundsson lögreglumaður (fyrir miðju). Guðmundur Halldórsson lög-reglumaður (til vinstri) og Steinar Stephensen yfirmaður dómaramála hjá FH (til hægri).

ætla að hætta undanfarið en það eru margir kostir við þetta sem tengjast líkamlega forminu,“ útskýrir hann. Pétur starfar hjá ríkislög-reglustjóra, í stjórnstöð lög-reglunnar í Skógarhlíð, og segist ekki hreyfa sig mikið þar, starfið sé ekki þess eðlis.

„Það að dæma og þurfa að standast þrek-próf á hverju vori er góð hvatning til að halda sér í góðu formi. Þrekpróf dómara byggja á alþjóðlegum stöðlum og eru krefjandi. Þetta heldur mér við efnið,“ segir hann. Félagsskapurinn í kringum knattspyrnuna er líka stór ástæða þess að Pétur hefur notið þess að dæma. Hann nefnir – sem dæmi – samskipti við leikmenn, stjórnir félaga og þjálfara sem gefi honum mikið.

Ekki stendur á svörum þegar Pétur er beðinn um að ráða dómurum sem eru að stíga sín fyrstu skref heilt. „Hættið þessu ef ykkur finnst þetta ekki vera gaman. Haldið áfram á meðan þið fyllist tilhlökkun við að fara í leiki.“ ■

VIÐ ÓSKUM LÖGREGLUMÖNNUM VELFARNADAR Í STARFI

Sporthúsið Reykjanesbæ
TM Bygg ehf
Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis

GRINDAVÍK

Bakarið Hérastubbur ehf
Einhamar Seafood ehf
Northern Light Inn
Sjómannastofan Vör
Stakkavík ehf
TG raf ehf
Vélsmiðja Grindavíkur ehf
Þorbjörn hf

SUÐURNESJABÆR

Icelandic Ný-Fiskur hf
Lighthouse Inn
SI raflagnir ehf
Suðurnesjabær
Verslunarfélagið Ábót
Vélsmiðja Sandgerðis ehf

MOSFELLSBÆR

Álgluggar JG ehf
Berg fasteignasala bilalokkun.is, kópsson.is
Blíkksmiðjan Borg ehf
Byggingafélagið Bakki ehf
Dalsgarður ehf, gróðrarstöð
Elektrus ehf - lög-giltur rafverktaki
Fasteignasalan - FastMos
Glertækni ehf
Hestaleigan Laxnesi
Kopar & Zink ehf
Matfugl ehf
MIG Verk ehf
Mosfellsbakarí
Nonni litli ehf
Rafís ehf
Reykjabúíð ehf
Rosaverk ehf
Siggi dúkari ehf
Spíssar ehf - stíflupjónusta
Stjörnugrís hf
Vatnsborun ehf
Vélsmiðjan Sveinn ehf
Öryggisgirðingar ehf

AKRANES

Alur Álvinnsla ehf
Apótek Vesturlands ehf
Bifreiðastöð Þórðar Þ. Þórðarsonar
Búvélavarkstæðið
Framvinda ehf
Graslec ehf
Jarðlist ehf
Meitill - GT Tækni ehf
Skipaskagi ehf
Valfell fasteignasala
Verslunin Bjarg ehf
Vélaleiga Halldórs Sigurðssonar ehf
Vogir og Lagnir ehf
Ylur pípalagnir slf

BORGARNES

Bilabær sf, bifreiðavarkstæði
Eðalfiskur ehf
Golfklúbbur Borgarness
Hótel Hamar

Límtré Vírnet ehf
Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi
Sprautu- og bifreiðavarkstæðið Borgarness sf
Stéttarfélag Vesturlands
Tannlæknastofa Hilmis ehf
Velverk ehf

STYKKISHÓLMUR

Marz sjávarafurðir ehf
Skipavík ehf

GRUNDFARFJÖRÐUR

Kirkjufell Hotel
Ragnar og Ásgeir ehf
Rútuferðir ehf
Þjónustustofan ehf

ÓLAFSVÍK

Fiskmarkaður Snæfellsbæjar ehf
Fiskverkunin Valafell
Prif og Þjónusta ehf

HELLISSANDUR

Félags- og skólabjónusta Snæfellinga
KG Fiskverkun ehf
Skarðsvík ehf
Snæfellsbær

BÚÐARDALUR

BS Þjónunstan ehf

REYKHÓLAHREPPUR

Reykhólahreppur
Þörungavarksmiðjan hf

ÍSAFJÖRÐUR

Akstur og löndun ehf
Aldan útgerð ehf
Bílatangi ehf
Fasteignasala Vestfjarða-www.fsv.is
GG málningarþjónusta ehf
Harðfiskverkun Finnþögn, s: 456 3250
Hótel Ísafjörður hf
Húsið Ísafirði
Ísblikk ehf
Póllinn ehf
SMÁ vélaleigan
Vélsmiðja ÞM

HNÍFSDALUR

Hraðfrystihúsið - Gunnvör hf

BOLUNGARVÍK

Arna ehf
Bolungarvíkurkaupstaður
Endurskoðun Vestfjarða ehf
Jakob Valgeir ehf

SÚÐAVÍK

Súðavíkurreppur

PATREKSFJÖRÐUR

Bifreiðavarkstæðið Stormur ehf.
Bilavarkstæðið Smur- og dekk Vestmar ehf

TÁLKNAFJÖRÐUR

Tálknafjarðarhreppur
Þórsberg hf

STABUR

SG verkstæði ehf

DRANGSNES

Hveravík ehf

ÁRNESHREPPUR

Árneshreppur-www.arneshreppur.is

HVAMMSTANGI

Hótel Hvammstangi s: 855 1303
Vélavarkstæði Hjaratar Eiríkssonar sf

BLÖNDUÓS

Glaðheimar, sumar og gistihús opið allt árið Ísgel ehf
Kjalfell ehf, s: 695 3363
Teni veitingahús
Ungmennasamband Austur-Húnavetninga USAH

SAUÐÁRKRÓKUR

Doddi máleri ehf
Dögun ehf
FISK-Seafood ehf
Fjölbautaskóli Norðurlands vestra
Lönsveinafélag Skagafjarðar
K-Tak ehf
Steinull hf
Steypastöð Skagafjarðar
Verslunarmannafélag Skagafjarðar

SIGLUFJÖRÐUR

Fjallabyggð
Primex ehf

AKUREYRI

ÁK smíði ehf
Ásco ehf, bílarafmagn
B. Snorra ehf
Bifreiðastöð Odeygar ehf
Bifreiðavarkstæði Bjarnhéðins ehf
Bílaleiga Akureyrar
Bílapartasalan Austurhlíð
Bílasala Akureyrar ehf
Bílatorgið Akureyri
Byggingarfélagið Hyrna ehf
Enor ehf
Finnur ehf
Gísli Einar Árnason, tannréttingar
Gk endurskoðun ehf
Grórfargil ehf
Hagvís ehf
Hárið Akureyri ehf s: 571 8888
Herradeild JMJ
Hvítsþói, art studio
Ísgerðin Akureyri
Íslensk verðbréf hf
Jólagarðurinn ehf
Keahótel ehf
Kjarnafæði Norðlenska hf
Kollgáta Arkitektúr - www.kollgata.is
Kraftbílur ehf
Ljósco ehf
Meindýravarnir MVE
Miðstöð ehf
Molta ehf
Oddsmýri ehf
Pólarhestar ehf
Rafmenn ehf

Köllunin er að þjóna almenningi

Birgir Jónasson lögreglustjóri á Norðurlandi vestra, stendur á fimmtugu og stendur líka í ströngu. Birgir eignaðist sitt fyrsta barn nú síðsumars, heldur tvö heimili og er aðjúnkt við Háskólann á Akureyri samhliða því að starfa í landfræðilega stóru umdæmi, þar sem hann þarf helst að geta sinnt öllum málum af kappi. Hann tók við embættinu árið 2021 eftir nokkuð fjölbreyttan feril innan lögreglunnar og utan.



MYND: SIGTRYGGUR ARI

Birgir féllst á að setjast niður með blaðamanni og segja frá sjálfum sér, hvaðan hann kemur og hvaða sýn hann hefur á lögreglustörfin. Hann er Eskfirðingur sem byrjaði lögreglustörf í sumarafleysingum. Gekk svo menntavegin en hefur allan tímann haldið tryggð við lögregluna, einkum vegna þess sem hann lýsir sem köllun til þess að þjóna almenningi.

Sumarafleysingar á Eskfirði

Birgir bjó á Eskfirði til 23 ára aldurs. „Fram eftir aldri vann ég við verkamannastörf og sjómennsku. 22 ára fór ég loksins í menntaskóla. Lauk menntaskóla á þremur árum, árið 1999. Fór í löggluskólann árið 1998, þarna á milli. Fór í starfsnám þarna á leiðinni og útskrifaðist úr löggluskólanum um aldamótin,“ segir hann. „Árið 2005 fór ég í lögfræði við Háskóla Íslands. Lauk BA-prófi árið 2008 og meistaraáráðu 2010. Árin 2016 og 2017 tók ég svo MBA-gráðu við Swiss Business School.

Ég hóf störf í lögglunni árið 1994 sem héraðslögglumaður á Eskfirði, tvítugur. Ég þótti nokkuð ungur í starfinu þá, en í dag er algengara að fólk byrji ungt.

Eitt leiddi af öðru og ég vann meðal annars í afleysingum í fangelsinu við Síðumúla, síðasta árið sem það var starfrækt. Síðan var ég nokkur sumur sem sumarafleysingamaður bæði á Eskfirði og svo í Kópavogi.“

Að löggluskólanum loknum starfaði Birgir bæði sem lögglumaður fyrir austan en tók sér líka eins árs hlé frá lögglustörfum til þess að starfa sem meðferðarfulltrúi á meðferðarstöðinni að Stuðlum. Þaðan gekk hann aftur til liðs við löggluna og fór fljótlega að starfa við skatta- og efnahagsbrot.

„Þarna var áhuginn kviknaður á einhverju viðskiptatengdu, þótt ég ætti eftir að taka MBA-gráðuna. Ég var sem sagt ekki lengi að vinna á götunni, eins og það er kallað. Ég starfaði við efnahagsbrotin til 2007, þá fór ég sem sérfræðingur á ákærusviði til LRH í rannsóknarætlunum og tengdu.“ Síðan dundi bankahrunið á landsmönnum og Birgi var fljótlega kipt inn í rannsóknir á hrunmálum hjá embætti sérstaks saksóknara hrunmála. Þegar hrunrannsóknir lauk lá leiðin til embættis ríkislögglustjóra.

Hrunmál og peningabætti

Reynslan af rannsóknum hrunmála varð svo til þess að í þrjú ár starfaði Birgir við

innri endurskoðun hjá Arion-banka. Á þeim tíma lauk hann einnig MBA-gráðu.

„Eftir að hafa starfað í bankanum í þrjú ár bauðst mér að ganga til liðs við ríkislögglustjóra í rannsóknum á peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Það vantaði þarna umsjónarmann með áhættumati í þessum málum og ég tók það að mér. Ég var í þessu starfi alveg þangað til ég var skipaður lögglustjóri á Norðurlandi vestra árið 2021.

Ég kynntist þarna ágætlega þessum málum tengdum peningabætti. Á þessum tíma vann ég meðal annars í hópi alþjóðlegra sérfræðinga í úttekt á vörnum Lúxemborgar gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Þetta var alveg hálfstarf í eitt og hálfri ár. Þetta tók ég að mér fyrir dómsmálaráðuneytið. Ég er ekki alveg hættur að sinna málum tengdum peningabætti þótt ég sé í fullu starfi fyrir norðan.“ Á þessum árum náði hann einnig að starfa sem kennari, bæði við framhaldsdeild löggluskólans og líka sem stundakennari við Háskólann í Reykjavík. Hann kennir nú svokallaðar löggluréttar- og lögglufræðigreinar við Háskólann á Akureyri.

Birgir starfaði einnig sem aðstoðarmaður Sigríðar Friðjónsdóttur, sérstaks saksóknara í máli Alþingis gegn Geir H. Haarde, sem rekið var fyrir Landsdómi.

Vill öðlast traust

„Ég held raunverulega tvö heimili. Ég bý annars vegar á Akranesi og svo held ég líka heimili á Saudárkróki. Við fjölskyldan ferðumst á milli þessara heimila okkar eftir þörfum. Konan mín starfar í Reykjavík. Það er auðvitað krefjandi að vera með lítið barn í þessum aðstæðum og við lendum auðvitað í einhverjum tímabilum þar sem við erum í fjarbúð. Ég kann afskaplega vel við mig fyrir

norðan og það er ekkert fararsnið á mér. Ég lít ekki á starfið þarna sem viðkomustað á framabratinni. En þetta er heldur engin endastöð. Ég er stöðugt að þróa mig og ögra mér í lífi og starfi, þannig að maður verður bara að sjá hvað framtíðin ber í skauti sér. Minni starfsþróun er hvergi nærri lokið. Starfið er frábært, staðurinn er góður og mér hefur verið afskaplega vel tekið.

Ég er lýðræðislegur stjórnandi og það er alveg skýrt í minum huga að það fylgir mér enginn nema fólk treysti mér. Ég fór norður með opnum huga og var mjög einbeittur í því að öðlast traust fólks áður en ég tæki til við einhver breytingar,“ segir Birgir. ▶

”
Lögglan þarf kannski að passa sig á því að vera ekki of einsleit.

Árið 2022 varð voðaatburður á Blönduósi sem fékk mjög á samfélagið. Birgir var í hringiðunni þarna. MYND: ISTOCK



Hann segir líf sitt einkennast af miklum önnum, sér í lagi eftir að hann tók við embættinu fyrir norðan. „Það eru í sjálfu sér ekki margar kvöldstundir sem maður hefur aflögu, einkum ekki yfir vetrartímann.“ Svæðið sé landfræðilega stórt þótt íbúafjöldinn sé aðeins tæplega átta þúsund. „Það eru fáir starfsmenn hjá embættinu og það kallar eftir því að maður sé bæði stjórnandi og þekkingarstarfsmaður í senn. Yfirbyggingin er lítil og ekki margir sérfræðingar innan seilingar. Ég hef aldrei stjórnað stórrí stofnun en þarna þarf maður að geta sett sig inn í afar fjölbreytt verkefni, ásamt því að vera í fyrirsvari fyrir stjórnsýsluna. Þarna snertir maður bæði á rannsóknarmálum og ákærumálum. Þetta er heilmikið verkefni að taka við svona embætti. Við höfum unnið í að setja okkur gildi og markmið, setja verkferla og einblína á gæðamál. Mitt helsta markmið er samt einfaldlega að gera þetta embætti að framúrskarandi vinnustað. Hvað mig varðar þá er lögreglan fyrst og fremst mannaðurinn og þetta er það sem ég legg höfuðáherslu á, það er að vera stjórnandi sem fólk getur leitað til. Mín skrifstofa er alltaf opin. Þrátt fyrir þetta þarf alltaf að virða ákveðin lögmál innan löggæslunnar. Við vinnum innan í valdapíramída og það þarf að virða þessar leikreglur. Á sama tíma þarf maður að vera aðgengilegur fyrir alla og hlusta á það sem fólk hefur fram að færa. Það er það mikilvægasta fyrir stjórnanda, að mínu mati, að hlusta á samstarfsfólkið og vera til staðar.“



▲ „Sauðárkrókur er fjölbreytt samfélag,“ segir Birgir þegar hann er spurður hvernig hann kunnir við sig nyrðra. MYND: ISTOCK

Þjónandi forysta

Birgir segist alþýðlega þenkjandi. Foreldrar sínir séu alþýðufólk og það hafi mótað sig. Og jafnvel þótt lögreglustarfið sé krefjandi þá sé það gefandi á sama tíma og hann upplifir ekki að hann gangi nærri sér með mikilli vinnu. Frekar megi segja að hann sé í jafnvægi.

„Ég vil sýna gott fordæmi og vil leiða með góðu fordæmi. Ég býð engum sam-

starfsmanni mínum það sem ég ekki býð sjálfum mér. Þetta heitir þjónandi forysta.

Það getur vel verið að ég gangi einhvern tímann nærri sjálfum mér með þessum aðferðum en satt best að segja finn ég ekki fyrir því. Ég hef nokkrum sinnum á ævinni gengið nærri mér. Bæði í námi meðfram starfi og líka með því að sinna knattsþyrnuþjálfun meðfram fullu starfi. En ég hef alltaf þrífist á því að hafa mörg járn í eldinum.



Valdbeiting er raunverulega afar lítill þáttur í starfi lögreglunnar.

Ég hef alltaf haft þessa köllun að láta gott af mér leiða og að ég sé að skila einhverju til samfélagsins. Þetta þykir mér gríðarlega mikilvægt. Að maður geti verið þjónn almennings.

Þegar maður gengur til liðs við lögregluna þá er maður að færa ákveðnar fórnir. Maður er ekki að fara í vinnu sem gengur út á átta til fjögur. Mjög breytilegur vinnutími og maður þarf alltaf að vera tilbúinn að færa einhverjar fórnir og oftast á manns eigin kostnað.

Þetta bara gefur mér það mikið að ég held frekar að ég sé í jafnvægi en að ég sé að ganga nærri mér.“

Nýbakaður faðir

„Núna á ég nýfædda dóttur sem er níu vikna gömul. Þetta er mitt fyrsta barn. Ég hef reyndar átt stjúpbörn í fyrria sambandi. Það er talsverð kúnt að finna jafnvægi milli einkalífs og vinnu undir þessum kringumstæðum. Ég viðurkenni það að á starfsferlinum hef ég kannski ekki alltaf sett fjölskylduna í fyrsta sæti. En það má lengi bæta sig og læra. Vinnan hefur kannski einhvern tímann tekið of stóran hluta af lífi mínu. En þessi vinna er líka að einhverju leyti minn lífsstíll og mín köllun. Ef ég reyni að horfa til baka í auðmýkt þá sé ég þetta svona.

Ég hef ofsalega mikinn metnað fyrir lögreglunni og mér er mikið í mun að lögreglunni sé treyst. Lögreglan hefur mörg ólík hlutverk og er reyndar á meðal þeirra stofnana sem almenningur ber mest traust til, samkvæmt mælingum,“ heldur Birgir áfram.

„Ég held að það sé mikilvægt að gefa þeirri hugsun rými að innan lögreglunnar starfar mun fleira fólk en einkennis-klæddar lögreglur. Þetta er af hinu góða. Lögreglan þarf kannski að passa sig á því að vera ekki of einsleit. Það getur til dæmis kallað á einsleitni að allir komi úr sömu átt og hafi svipaðan bakgrunn. Það er til dæmis almennt orðið viðurkennt að einsleitni í fjármálageiranum var áhrifavaldur í efnahagshruninu. Það varð of mikil hjarðhugsun. Við erum að tala um að þarna er margt fólk sem kemur úr sömu skólum, með svipaða menntun og áþekkan bakgrunn. Þetta getur verið hættulegt. Fjölbreytni er mikilvæg og við eigum að fagna henni.

Lögreglan er þess vegna fjölbreytt í eðli sínu og þar eru fjölmargir sérfræðingar á öllum sviðum sem efla stofnunina.“

Meðferðarfulltrúinn Birgir

„Á Stuðlum starfaði ég sem meðferðarfulltrúi. Ég byrjaði þar í hlutastarfi þegar ég flutti til Reykjavíkur og ákvað svo að prófa að vinna þarna í fullu starfi. Áhugi minn á þessu starfi sprettur bara af þessari köllun minni að láta gott af mér leiða. Hópurinn var blandaður. Þarna störfuðu bæði meðferðarfulltrúar sem höfðu eigin reynslu af fíkisjúkdómum en svo hinn hópurinn, sem ég tilheyrði. Ég er ekki bindindismaður,“ útskýrir hann.

Reynsluna af því að starfa á Stuðlum hafi Birgir svo getað nýtt sér á mörgum sviðum. „Ég og fyrrverandi konan mín starfræktum á tímabili vistheimili fyrir barnaverndarnefndir, þannig að ég hef lengi haft áhuga á störfum þessu tengdu. Raunverulega öllu sem lýtur að velferð fólks og ég lit á lögregluna sem velferðarstofnun. Valdbeiting er raunverulega afar lítill þáttur í starfi lögreglunnar. Auðvitað fær sá hluti lögreglustarfanna talsverða athygli og kannski lítið við því að gera.“

Voðaatburður og áfallavinna

Árið 2022 varð voðaatburður á Blönduósi með skotárás sem endaði með því að tvær manneskjur létust og ein særðist alvarlega. Birgir var í hringiðunni þarna.

„Staða lögreglustjórans á Norðurlandi vestra er sumpart ólík sömu stöðu hjá öðrum embættum að því leyti að við förum ekki með rannsókn mála sem lúta að manndrápum af ásetningi og kynferðisbrotum. Þegar svona alvarlegt mál kemur upp eins og manndrápin á Blönduósi, þá sitjum við uppi með tvennt. Annars vegar hvernig samfélagið vinnur úr atburðinum, að fólk nái að upplifa öryggi. Það þarf að róa og þjóna samfélaginu. Síðan er sjálf rannsóknin á sakamálinu. Hér er það sem sagt lögreglustjórnin á Norðurlandi eystra sem fer með rannsókn á þessum málum í okkar héraði.

Þetta tók mjög á samfélagið og á starfsfólkið og auðvitað verður maður sorgmæddur yfir þessum örlögum fólks.▶



RÉTTUR ÞEIRRA SEM NENNA EKKI AÐ ELDA

TILBÚNIR ELDAÐIR RÉTTIR – AÐEINS HITA





Þetta tók mjög á samfélagið og á starfsfólkið og auðvitað verður maður sorgmældur yfir þessum örlögum fólks.



nauðsynlegt að nálgast svona lagað af fagmennsku.

Við fáum bæði utanaðkomandi aðstoð frá sálfræðingum og fagaðilum, en ekki síður mikilvægt er að starfsfólkið ræði saman og vinni úr hlutum á jafningja-grundvelli. Þetta kerfi allt hefur batnað mikið og styrkst á síðustu árum.“

Birgir útskýrir að hluti af því að geta tekist á við svona erfið mál á svona vinnustað sé að stuðla að valdeflingu starfs-

fólksins þannig að hver og einn upplifi að hann geti tjáð sig á jafningjagrundvelli.

„Ég er mjög valdeflandi stjórnandi. Ég held að allt sem lýtur að valdeflingu fólks á vinnustöðum sé mikilvægt og jákvætt, þannig að fólk hafi frelsi til þess að tjá sig, koma með hugmyndir og hafa áhrif á það sem fram fer. Þannig að ég sé ekki sá eini sem gef fyrirmæli heldur hafi starfsfólkið sjálft rými til að tjá sig og hafa áhrif.“

Ég held að svona valdeflandi stjórnun hafi hjálpað okkur mjög mikið í þessu tiltekna máli, það er að segja hvað fólk gat tjáð sig opinnskatt.“

Gott fyrir norðan

„Sauðárkrókur er fjölbreytt samfélag,“ segir Birgir þegar hann er spurður hvernig hann kunni við sig nyrðra. „Atvinnustigið er hátt og atvinnulífið fjölbreytt. Húnavatnssýslurnar eru aðeins öðruvísi en Skagafjörðurinn. Það kom mér á óvart þegar ég áttaði mig á því að þarna starfa um eitt þúsund einryrkjar. Þetta er svona næði í Skagafirði og Húnavatnssýslum. Ég er auðvitað í eðli minn landsbyggðarmáður en þetta er mjög ólíkt því að vera fyrir austan. Þetta er stærra samfélag og að því leyttinu ólíkt. Þarna er allt til alls. Og fram-sóknamenirnir eru alveg þrýðilegir. Mjög gott samfélag þar sem ég skynja ekkert annað en velvild,“ segir Birgir. Það er létt yfir honum þegar við kveðjumst. Hann er á leiðinni norður. ■

VIÐ ÓSKUM LÖGREGLUMÖNNUM VELFARNADAR Í STARFI

Sjómannaþingið Víkingur
Stefna ehf
Steypusögur Norðurlands ehf
Stjörnugól
Svalbærsstrandarhreppur
Veitingastaðurinn Krua Siam
Ýmir sf
Þverá

GRENIVÍK
Grýtubakkahreppur
Sparisjóður Höfðhverfinga

DALVÍK
Dalvíkurbyggð
Dalvíkurkirkja
EB ehf
Ektafiskur ehf
Klaufi ehf
Steypustöðin Dalvík ehf
Tréverk ehf, Dalvík
Útgerðarfélag Dalvíkur ehf

ÓLAFSFIJÖRÐUR
Árni Helgason ehf, vélaverkstæði
Norlandia
Skiltagerð Norðurlands ehf

HÚSAVÍK
E G Jónasson rafmagnsverkstæði
Ferðapjónustan Brekku ehf
Fjallasýn Rúnars Óskarssonar ehf-www.fjallasyn.is
Framsýn, stéttarfélag
Höfðavélar ehf
Orkuveita Húsavíkur
Tjörneshreppur
Trésmiðjan Rein ehf

LAUGAR
Þingeyjarsveit

MÝVATN
Dimmuborgir guesthouse
Hestaleigan Safarí hestar
Hlíð ferðapjónusta ehf
Kaffihúsið við Dimmuborgir
Sel Hótel, Mývatn
Vogar ferðapjónusta

KÓPASKER
Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi

ÞÓRSHÖFN
B.J. vinnuvélar ehf

BAKKAFIJÖRÐUR
K Valberg slf

VOPNAFIJÖRÐUR
Vopnafjarðarhreppur

EGILSSTAÐIR
Bókráð, bókhald og ráðgjöf ehf
Gistihúsið Lake - Hotel Egilsstaðir
Hótel Eyvindará
Sænautasel ehf

REYÐARFIJÖRÐUR
AFL - Starfsgreinafélag

Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi
Fjarðaveitingar ehf
Hárstofa Sigríðar ehf
Launahl ehf

ESKIFJÖRÐUR
Egersund Ísland ehf
Eskja hf
Fjarðarþrif ehf
Tandrabetti ehf

NESKAUPSTAÐUR
Haki ehf verkstæði
Hildibrand Hótel - kaupfélagsbarinn s: 477 1950
Samvinnufélag útgerðamanna

FÁSKRÚBSFIJÖRÐUR
Kaffi Sumarlína ehf
Loðnunnislan hf
Vöggur ehf

ÞJÚPAVOGUR
Hótel Framtíð ehf

HÖFN Í HORNAFIRÐI
AJTEL ICELAND ehf
Gistiheimilið Hafnamesi-www.hafnames.is
Jökulsárlón ferðapjónusta ehf
Kaffi Hornið
Karlsbreyka ehf
Klífá ehf, ferðapjónustan Gerði ehf
Rósaberg ehf
Þingvað ehf, byggingaverktakar
Ögmund ehf

SELFLOSS
Almar bakari
Bílaþjónusta Péturs ehf
Bíilverk BA ehf, bílamálun og bílaréttingar
Bláskógabyggð
Café Mika Reykholti
EM heima gallerí
Fasteignasalan Árborgir ehf
Formax-Paralamp ehf
Gallerí Ozone Selfossi ehf
Gesthús Selfossi, gistihús og tjaldsvæði
Gheim ehf
Guðmundur Tyrfingsson ehf
Gullfosskaffi við Gullfoss
Hjá Maddý ehf
Hótel Gullfoss
Ingimar Baldvinsson innflutningsmiðlun ehf
Jáverk ehf
Jeppasmíðjan ehf
K.Þ Verktafar ehf
Kökugerð H P ehf
Lindin tiskuverslun
Málarinn Selfossi ehf
Málningarþjónustan ehf
Minni Borgir ehf
Mjólnir, vörubílstjóræfing
Mömmumatur.is
Pípulagnir Suðurlands ehf
Pylsuvagninn Selfossi við brúarendann
Reykhlóll ehf
SG hús ehf
Stálkrókur ehf
Suðurprófastsdæmi
Suðurtak ehf Brjansstöðum 2

Vélaverkstæði Þóris ehf
Vélsmiðja Suðurlands ehf

HVERAGERÐI
Almar Bakari
Alur blikksmiðja ehf
Álnavörubúðin í Hveragerði
Formula 1 ehf
Heilsustofnun NLFÍ - heilsustofnun.is
Hótel Örkr
Hverablóm ehf blóma- og gjafavörverslun
Hveragerðisbær
Raftaug ehf
Vélar og stálsmiði

ÞORLÁKSHÖFN
Járnkarlinn ehf
SB skiltagerð ehf
Sveitarfélagið Ölfus

ÖLFUS
Eldhestar ehf
Garpar ehf
Gljúfurbústaðir ehf

LAUGARVATN
Ásvélar ehf

FLÚÐIR
B.R. Svérisonn ehf
Flúðasveppir ehf
Hitaveita Flúða og nágrennis
Hrunamannahreppur
Riding Tours South Iceland ehf

HELLA
Almar bakari
Freyðing ehf
hotelranga.is
Kanslarinn veitingahús
Stracta Hótel

HVOLSVÖLLUR
Heljartak ehf
Hótel Hvolsvöllur
Rangárþing eystra
Seljaveitingar
Stóradalsskögn

VÍK
Hótel Dyrhólaey Ás
Reynisfjara-Black beach Restaurant

KIRKJUBÆJARKLAUSTUR
Hótel Klaustur - Bær ehf
Skaftárhreppur

VESTMANNAEYJAR
Áhaldaleigan ehf
Bergur-Huginn ehf
Bókasafn Vestmannaeyja
Eyjablökk ehf
Hótel Vestmannaeyjar
Karl Kristmanns, umboðs- og heildverslun
Kráin ehf
Miðstöðin ehf
Teiknistofa Páls Zóphóniassonar ehf

Eitt fullkomnasta vélaverkstæði landsins



- alhliða vélavíðgerðir
- þjónusta á vökvakerfum
- alhliða rafagnavinnu
- sandblástur og málnu
- rennismíði
- alhliða stálsmiði
- hönnun

VHE
HUGVIT Í VERKI

Melabraut 27 • IS-220 Hafnarfjörður • Iceland • tel +354 575 9700 • fax +354 575 9701 • www.vhe.is • sales@vhe.is



Halldór vann holukeppnina

Undanúrslit og úrslit holukeppni ÍSL 2023 í golfi fóru fram á Urriðavelli í Heiðmörk mánudaginn 18. september.

Veður var með eindæmum gott miðað við árstíma. Sólskin mestallan daginn þótt stundun drægi ský fyrir sólu, logn og upp í 12 stiga hiti.

Sextán keppendur tilkynntu þátttöku í mótinu í upphafi og því þurfti ekki að fara fram undankeppni. Að lokum voru það þeir Óskar Halldórsson, Friðrik K. Jónsson, Páll Theodórsson og Halldór Björn Malmberg sem stóðu eftir þegar kom að undanúrslitum.

Úrslitin ráðast

Í undanúrslitum voru leiknar 9 holur og drögust saman Páll gegn Óskari og Halldór gegn Friðriki. Leikar fóru þannig að Óskar sigraði Pál 2/1 og Halldór sigraði Friðrik 3/2. Páll og Friðrik léku því um 3ja sætið og Óskar og Halldór um 1sta sætið. Leiknar voru 18 holur.

Eftir 9 holur voru Páll og Friðrik jafnir. Á seinni 9 holunum náði Friðrik tveggja holu forskoti en þegar komið var á 17. holu var Friðrik einni holu yfir. Friðrik vann þá holu og þar með var hann búinn að vinna leikinn 2/1.

Eftir 9 holur átti Óskar 2 holur á Halldór. Hann náði að komast 3 holur yfir á 13. brautinni. Eftir 16 holur var Óskar með 2 holur yfir. Halldór neitaði að játa sig sigraðan. Hann vann bæði 17. og 18. holuna og voru þeir jafnir að loknum 18 holum. Því þurfti að leika bráðabana. Hann var leikinn á 10. og 11. holu. Þeir voru jafnir á 10. holunni en þá 11. sigraði Halldór og því Holumeistari ÍSL í golfi 2023.

Að loknum bráðabana fór fram verðlaunaafhending.

Jóhann Karl Þórisson, varaformaður ÍSL, sá um mótið eins og áður en hann og undirritaður sáu um undanúrslitin og úrslitin. ■

Óskar Bjartmarz, formaður ÍSL.



AVIS®

REYKJAVIK
rent a car

BH BÍLAVIDGERÐIR
BÍLHÚSIÐ

Eyjafjarðarsveit

DHL

Reykjavik Excursions
by ICELANDIA

HK
HOTEL KEFLAVIK
★★★★

Hard Rock CAFE
REYKJAVIK

IceMar

JENSEN, BJARNASON & CO
INNRETTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

LAUGARVATN
fontana
Heilsulind frá landnámi

LÍFLAND

IKEA

112
EINN EINN TVEIR

olis

PRÍKID
STOFNAD 1951

GRANÍT STEINAR

HÉÐINN
1922—2022

serrano

SJÓVÁ

SYTRA ehf

VEITINGAHÚSIÐ ÍTALÍA

VÉLVÍK
www.velvik.is

ELDING
THE WHALE WATCHING PIONEERS

VERA DESIGN

HURÐIR
Sími 567 3440 - vagnar.is - vagnar@vagnar.is

WHITE ARCTIC

ÍAV

ÖKU SKÓLINN Í MJÖDD



Hart barist á fyrsta móti

Í maí 2023 fór fram fyrsta Norðurlandamót lögreglumanna í Functional fitness. Mótið fór fram í Stokkhólmi en þangað sendu öll aðildarfélagin lið og einstaklinga til keppni í fjórugu og sterku móti. Voru því auk Íslands keppendur frá Noregi, Svíþjóð, Danmörku, Finnlandi og Eistlandi skráðir til leiks. Aðstaðan í Stokkhólmi var til mikillar fyrirmyndar en keppt var í aðstöðu „Crossfit Nordic“. ÍSL sendi keppendur til leiks í öllum flokkum en keppt var í karla-, kvenna- og liðaflokkum. Voru keppendur valdir til leiks m.a. eftir árangri í Landsmóti ÍSL 2022.

Fyrir okkar hönd tóku þeir Finnur Freyr Kristjánsson (LRH) og Hafsteinn Gunnlaugsson (LRH) þátt í karlaflokkum og Anna Kara Eiríksdóttir (LRH) keppti í kvenna-flokkum. Þá mynduðu þau Björn Jóhannsson (LRH) og Jóhanna Júlía Júlíusdóttir (LSS) annað íslenska liðið í liðakeppninni en þau Þóra Björk Þorgeirsdóttir (LRH) og Kristján Arnar Jóhannsson (LSS) hitt. Þá hafði verið ráðgert að Hildur Hörn Orradóttir (LRH) myndi keppa í mótinu en hún meiddist og gat því ekki tekið þátt fyrir hún engu að síður með til mótsins

sem aðstoðarmaður keppenda. Óskar Bjartmarz var fararstjóri og undirritaður liðsstjóri. Öflugir mótherjar Margir gríðarlega öflugir keppendur mættu til leiks í öllum flokkum. Höfðu margir af keppendunum tekið þátt í alþjóðlegum crossfit-mótum og bjuggu því yfir mikilli reynslu. Functional fitness er ört stækkandi íþróttgrein og í raun risakeppnisgrein í Svíþjóð og víðar. Helsti munurinn, sam-anborið við crossfit, er sá að fyrir mót í

functional fitness eru allar keppnisgreinar kynntar fyrir keppendum og þannig kemur ekkert á óvart á keppnisstað. Keppni fór fram dagana 6. og 7. maí. Keppt var í þremur greinum hvorn dag þannig að vel reyndi á keppendur bæði líkamlega og ekki síður andlega.

Hörð barátta í öllum flokkum
Fyrsta greinin var þolgrein og samanstóð af útihlaupi og róðri. Hlaupnir voru 1,6 km. og síðan róðið 2.000 metra áður en farin var önnur umferð strax í kjölfarið. Í einstaklingsflokkum kláruðu keppendur alla æfinguna sjálfir en í liðakeppni skiptu keppendur á sig sitthvorri hlaupaleiðinni en gátu skipt eins og þau vildu í róðrinum, sem lengdur hafði verið í 3.000 metra.

Keppendur sýndu strax í upphafi að hart yrði barist í öllum flokkum. Varð fljótt ljóst að Hafsteinn Gunnlaugsson var einn af sigurstranglegustu keppendum mótsins. Eftir stutta hvíld milli greina hófst önnur umferð þar sem keppendur kepptu í grein sem sett hafði verið saman til að veita og meta styrk og hæfni þeirra. Snerist hún um að ná sem mestri þyngd í löglegri lyftu í „snatch“, „clean and jerk“ og síðan upphífingu með þyngingu. Þriðja greinin og sú síðasta á fyrri keppnisdegi snerist um „bodyweight“ eða æfingar með líkamsþyngd.

Skemmst er frá því að segja að loknum fyrri keppnisdegi stóð Hafsteinn vel að vígi en hann leiddi keppni í karlaflokkum með tveimur stigum. Finnur sat í 15. sæti í sama flokki. Í kvennaflokkum var Anna Kara í 8. sæti að loknum degi og íslensku liðin sátu síðan í 8. og 9. sæti í liðakeppninni.

Síðari keppnisdagur
Eftir flottan fyrri dag mættu keppendur snemma til leiks að morgni sunnudags. Fyrsta æfing dagsins reyndist íslensku keppendunum gríðarlega erfið, svo ekki sé minnst á meinta „heimadómgæslu“ en ítrekað fékk Hafsteinn dæmt „no-rep“ og þurfti því að endurtaka oft æfinguna og eyddi þannig dýrmætri orku. Færðist hann að lokinni æfingunni niður í fjórða sæti. Eftir samtal við yfirdómara mótsins viðurkenndi hann að dómari hefði gert mistök, a.m.k. í einhverjum af þessum tilfellokum, en skaðinn var skeður og gríðarleg orka farin í súginn. Anna Kara gerði best okkar keppenda í þessari þraut og vann sig upp um heil tvö sæti.

Greinin var kölluð „skill“ og snerist m.a. um að ganga á höndum og framkvæma síðan æfingu í framhaldinu. Fimm greinin var kölluð „Mixed modality“ en þar þurftu keppendur að fara þrjár umferðir í gegnum æfinguna. Róður, chest to bar, 8 slamball clean og svo ganga með slamball. Keppni lauk síðan með krefjandi æfingum sem kallaðar voru „power“. Þurftu keppendur að fara í gegnum langa æfingu – eins konar tímaþraut. Ljóst var að í karlaflokkum og kvenna-



△ Ped quam utae restios autet audanin invello reritatem aspiciam ipsaes vent aut aut quam fugit quatures aciam dita vendis ni dem re pa qui blaborepero volo eos ratinvel ipis experit.



△ Ped quam utae restios autet audanin invello reritatem aspiciam ipsaes vent aut aut quam fugit quatures aciam dita vendis ni dem re pa qui blaborepero volo eos ratinvel ipis experit.

flokkum myndu verðlaunasætin skiptast á þá sem fyrstir kæmu í mark, svo jöfn var keppnin fram að því.

Úrslitin ráðast
Mesta spennan fyrir lokaþrautina hvað okkur Íslendinga varðar var í karlaflokkum þar sem Hafsteinn átti enn möguleika á verðlaunasæti. Fóru leikar hins vegar þannig að Hafsteinn endaði keppni í fjórða sæti eftir harða baráttu við keppendurna sem enduðu í fyrstu þremur sætum. Anna Kara átti flottan seinni dag og

hélt sér í efri hópi keppenda og skilaði 6. sætinu í hús. Íslensku liðin tvö enduðu síðan keppni í 8. og 9. sæti. Það var sannarlega mat keppenda, þjálfara og fararstjóra að þessi mót væru komin til að vera. Það kemur því í hlut þings Íþróttasambanda Norðurlandanna að ákveða með hvaða hætti og hversu reglulega opinberu mótin fari fram. Reglan í öðrum greinum er sú að keppt sé á fjögurra ára fresti. ■

Jón Gunnar Sigurgeirsson, liðsstjóri og stjórnarmaður ÍSL.

Þrír keppendur ÍSL hlupu maraþon

Þriðja Norðurlandamót lögreglumanna, NPC, í maraþoni fór fram í Tallinn í Eistlandi 9. – 11. september 2023.

Mótið var hluti af Tallinn-maraþoninu sem var sérstaklega veglegt í ár vegna þess að 2023 er ár hreyfingar í Eistlandi. Tallinn-maraþoninu svipar til Reykjavíkurmaraþons, þ.e. maraþon, hálfmaraþon, 10 km hlaup, 5 km hlaup, unglíngahlaup 5 km og 300 m hlaup fyrir börnin.


Alls 44 keppendur mættu á Norðurlandamótið; 25 karlar og 19 konur, frá öllum aðildarþjóðum NPSA. Fyrir hönd ÍSL hlupu þau Heiðrún Huld Finnsdóttir, lögreglunni á Austfjörðum, Eiríkur B. Ragnarsson frá héraðssaksóknara og Alexander Gautason frá lögreglunni á Suðurlandi. Jón S. Ólason var liðsstjóri og undirritaður var fararstjóri.

Allir kláruðu

Okkar keppendur kláruðu hlaupið og náði Heiðrún sem var að hlaupa sitt fyrsta maraþon besta tímanum.

Tímarnir voru:

- Heiðrún 03:36:39 - 15. sæti.
- Alexander 04:23:54 - 24. sæti.
- Eiríkur 04:29:02 - 25. sæti.



Ég vil þakka Heiðrúnu, Eiríki og Alexander fyrir að keppa fyrir hönd ÍSL og þeim og Jóni fyrir ánægjulega ferð.

Næsta NPC í maraþoni fer fram í Svíþjóð 2027. ■ Óskar Bjartmarz, formaður ÍSL.



RÉTTINGAÞJÓUSTAN EHF
bilaréttingar og málun



Rétt verk
Bilamálun og réttingar



Alla leið á öruggari dekkjum



Bókaðu tíma í dekkjaskipti í N1 appinu



ALLA LEIÐ



TILBOÐ

2 fyrir 1

af margskiptum glerjum

PLUSMINUS | OPTIC

Smáralind - Sími 517 0317 - www.plusminus.is